

ELÍN HELGA EGILSDÓTTIR

Býr til ferskt og fljótlegt ávaxtasalat með kjúklingi

• matur • helgin
ALLT í MIÐJU BLAÐSINS



JÓHANNA GUÐRÚN

Auglýsir morgunkorn

Rifjar upp gamla takta
FÓLK 34



SPENNUSAGA
SUMARSINS

JPL
JPL ÚTGÁFA
www.forlagid.is

LOKSINS Á
ÍSLENSKU



MARGFALDUR
METSÖLUNÓFUNDUR
BEGGJA VEGNA
ATLANTSHAFSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

12. júní 2009 – 138. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FÖSTUDAGUR

Travolta á íslensku
stefnumóti



Fór í sleðaferð með
undirfatamódeli.

FÓLK 28

Blásið til
Airwaves-veislu

Þorsteinn Stephensen óttaðist
aldrei um hátíðina.



FÓLK 25

Töfrandi tónlist

Sólveig Bergland
Fjólmundsdóttir
frumsýnir nýtt
barnaleikrit.

TÍMAMÓT 18

Mettíloð í
Ronaldo



Manchester United
samþykkti risatíloð
Real Madrid í
Cristiano Ronaldo.

ÍPRÓTTIR 30

VEÐRIÐ Í DAG



BJARTARA VESTAN TIL í dag
verður yfirleitt hæg norðlæg eða
breytileg átt, bjart með köflum á
vesturhelmingi landsins, annars
skýjaðra og smá skúrir. Hiti 7-14
stíg, mildast syðst.

VEÐUR 4

Gjaldeyrissvik rannsökuð

Fjármálaeftirlitið rannsakar átta mál útflutningsfyrirtækja vegna meintra lögbrota í gjaldeyrisviðskiptum. Seðlabankinn rannsakar hvort sjávarútvegsfyrirtæki virða gjaldeyrishöft. Álfyrirtækin verða skoðuð.

PENINGAMÁL Fjármálaeftirlitið (FME) rannsakar átta mál útflutningsfyrirtækja vegna meintra brota á lögum og reglum um gjaldeyrisviðskipti sem sett voru í kjölfar bankahrunsins. Rannsókninni verður flýtt sem kostur er. Seðlabankinn, sem er eftirlitsaðili með því að gjaldeyrishöft séu virt, hefur sjávarútvegsfyrirtækin til skoðunar. Álfyrirtækin hafa ekki verið rannsökuð sérstaklega, en það stendur til. Um háar fjárhæðir er að ræða og víðurlög vegna brota eru þung.

Fréttablaðið sendi eftirfarandi fyrirspurn til Seðlabankans: Nú er Seðlabankinn eftirlitsaðili með því að gjaldeyrishöftin séu virt. Hafa álfyrirtækin verið skoðuð eða sjávarútvegsfyrirtækin sérstaklega í ljósi þess að þaðan á megnið af okkar gjaldeyriskjóm koma? Í svari Seðlabankans segir að stofn-

unin „fylgist með að aðilar fari að lögum en Fjármálaeftirlitið fer með rannsókn mála sem Seðlabankinn tilkynnir. Það hefur ekki verið sérstaklega skoðað varðandi álfyrirtækin en verður gert. Sjávarútvegsfyrirtækin eru í skoðun.“ Verið er að rannsaka hvort minni heimtur af gjaldeyri séu frá þessum greinum en vænta mætti, samkvæmt upplýsingum Seðlabankans.

Tómas Sigurðsson, forstjóri Alcoa á Íslandi, var inntur eftir því hvort hann vissi af hverju Seðlabankinn hygðist skoða álfyrirtækin í samhengi við gjaldeyrishöft. Tómas aftur með öllu að Alcoa hafi átt í óeðlilegum gjaldeyrisviðskiptum. „Við störfum samkvæmt fjárfestingarsamningi og í honum eru ákveðnar reglur um okkar gjaldeyrisviðskipti. Öll okkar viðskipti eru í sam-

starfi við Seðlabankann.“ Tekið skal fram að öll álfyrirtækin hér á landi hafa undanþágur frá reglum um gjaldeyrismál. Þar á meðal 9. grein sem fjallar um skilaskyldu á erlendum gjaldeyri.

Hinn 1. apríl síðastliðinn voru samþykkt neyðarlög með það að markmiði að koma í veg fyrir að útflytjendur kæmust hjá skilaskyldu á gjaldeyri, en þá hafði myndast tvöfaldur markaður með krónun. Í greinargerð stjórnvalda daginn eftir setningu laganna sagði að styrking íslensku krónunnar væri einn af grundvallarþáttum í efnahagsáætlun Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. „Þeir aðilar sem sniðganga reglur um gjaldeyrishöft, löglega eða ólöglega, stuðla að veikingu á gengi krónunnar og auka með því beinan og óbeinan kostnað allra landsmanna.“ - shá



VEL VEITT Í KÓPAVOGSLÆK Blíðskaparveður var á höfuðborgarsvæðinu í gær. Þessir drengir nýttu góða veðrið til þess að vaða og veiða síli í Kópavogslæknum, líkast til án þess að leiða hugann að átökum í bæjarmálum þar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Mónitor í sjónvarp:

Nýjar stjórnur á sjónvarpsskjá

FJÖLMIDLAR „Ég held að þetta verði alveg stórkostlega skemmtilegt og einmitt það sem vantar í íslenskt sjónvarp á þessum síðustu og verstu,“ segir Erna Bergmann um sjónarpsbátt sem nú er í undirbúningi. Erna hefur umsjá með þáttunum sem verða á dagskrá Skjás eins á miðvikudögum í sumar, sá fyrsti 24. þessa mánaðar.



ERNA BERGMAN

Útgáfufyrirtæki tímaritsins Mónitors, Media ehf., framleiðir þættina fyrir Skjáein en þeir munu að einhverju leyti taka mið af Mónitor og verða einkunnarorðin þau að varpa ljósi á þá hluta samfélagsins sem flestir vita af en fæstir vita nokkuð um. Meðal annars mun Atli Fannar Bjarkason, ritstjóri Mónitors, í þáttunum verða eins konar nýr Jon Stewart í The Daily Show. „Raunveruleg mál tekin fyrir á klisjukenndan hátt,“ segir Atli. - jbg/sjá síðu 34

Framsóknarmenn funduðu um meirihlutasamstarf í Kópavogi í gærkvöldi:

Gunnar fari en samstarf haldi

SVEITASTJÓRNARMÁL Gunnar I. Birgisson verður að hætta sem bæjarstjóri í Kópavogi eigi meirihlutasamstarf Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks að halda. Þetta var niðurstaða fundar framsóknarmanna í Kópavogi í gærkvöldi samkvæmt heimildum blaðsins.

Ómar Stefánsson bæjarfulltrúi Framsóknarflokksins, vildi ekki staðfesta þetta við blaðið, en sagðist hafa gert grein fyrir stöðu mála og fengið fullan stuðning til að leiða

málið til lykta. Þá sagði hann að ekki væri inni í myndinni að hann sjálfur yrði bæjarstjóri.

Samkvæmt heimildum blaðsins verður sjálfstæðismönnum gefinn frestur til að aðhafast í málinu. Sjálfstæðismenn haldi bæjarstjórnastólnum en annar bæjarstjóri komi í stað Gunnars. Í sæti bæjarstjóra hafa verið nefnd nöfn eins og Jón Gunnarsson alþingismaður, Ármann Kr. Ólafsson bæjarfulltrúi, Gunnsteinn Sigurðsson bæjar-

fulltrúi og Hildur Dungal, forstjóri Útlendingastofnunar, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Málið skýrist líkast til á fulltrúaráðsfundi Sjálfstæðisflokks á mánudag.

Freyja, félag framsóknarkvenna í Kópavogi, lýsti í gær óánægju með upplausnarástandið í bæjarfélaginu, og telja samstarf flokkanna ekki geta haldið áfram í sömu mynd. Áður höfðu ungir framsóknarmenn í bænum hvatt til þess að samstarfinu yrði slitið. - þeb

KOMIN Í KILJU
MARKUS ZUSAK
BÓKAFJÓFURINN
Yfir 80 vikur á metsölulista New York Times
„Hrífandi og hárbeytt.“
Washington Post
www.forlagid.is

6 tommu bátur
Kafbátur mánaðarins • júní
349 krónur
Sterkur ítalskur
Með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða og ljúffengum sósam.
SUBWAY

Er von á gestum?
Svefnsofnaðagar í júní
Betra BAK
Sjá nánar á www.betrabak.is

Bjarta Reykjavík

BORGIN OKKAR ER ENDALOUS UPPSPRETTA NÝRRRA UPPGÖTVANA OG ÆVINTÝRA. NÚ FEGRUM VIÐ SKEMMTILEGA STAÐI OG LEIKSVÆÐI Í MIÐBORGinni, TORGin GRænKA, LjÓÐ BIRTAST Í GLUGGUM OG GÖMUL HÚS FÁ NÝTT HLUTVERK.

14:00 GRÆNT LÆKJARTORG

VERKEFNIÐ BJARTA REYKJAVÍK VERÐUR KYNNT Á LÆKJARTORGIn Í DAG. BORGARFULLTRÚAR TYRFA TORGID. FÉLAGAR ÚR LÚDRASVEITINNI SVANI, GÖTULEIKHÚS HINS HÚSSINS OG H2 SKAPANDI SUMARHÓPAR SKEMMTA.

SÖNGUR Í BAKARABREKKU

LEIKSKÓLABÖRN TAKA LAGIÐ Í BAKARABREKKUNNI.

REYKJAVÍKURSKÁLD Í MÆÐRAGARÐI

ARNAR JÓNSSON FLYTUR KVÆÐI EFTIR TÓMAS GUÐMUNDSSON REYKJAVÍKURSKÁLD.

SKEMMTILEGRI HLJÓMSKÁLI

HLJÓMSKÁLINN VERÐUR OPINN OG UPPLAGT AÐ SKOÐA ÞETTA SÉRKENNILEGA HÚS SEM ALLIR ÞEKKJA EN FÁIR HAFA KOMIÐ INN Í. BLÁSARAR Á ÞAKINU OG LÉTTAR VEITINGAR. HLJÓMSKÁLINN OPNAR SEM KAFFIHÚS 17. JÚNÍ.

**EIGUM GLEÐILEGT SUMAR Í BETRI,
GRÆNNI OG BJARTARI BORG!**

WWW.REYKJAVIK.IS/BJARTA



GJALDMIÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	128,06	128,68
Sterlingspund	210,83	211,85
Evra	179,5	180,5
Dönsk króna	24,102	24,244
Norsk króna	20,173	20,291
Sænsk króna	16,687	16,785
Japanskt jen	1,3068	1,3144
SDR		197,54 198,72

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
219,3622
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Dómsmálaráðherra segir ríkissaksóknara ákveða sjálfur sitt hæfi:

Vinna að tillögum Evu Joly

STJÓRNSÝSLA „Hann ákveður sjálfur sitt hæfi og ég hef ekkert um það að segja," segir Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra um vanhæfi Valtýs Sigurðssonar ríkissaksóknara.

Eva Joly, ráðgjafi vegna rannsóknar á íslenska bankahruninu, sagðist í Kastljósi í fyrradag vera þeirrar skoðunar að Valtýr ætti að víkja úr embætti að öllu leyti. Valtýr lýsti sig vanhæfan 18. maí síðastliðinn til að fara með mál er tengjast bankahruninu. Ástæðan er að sonur hans var einn af ædstu stjórnendum Exista.

Ragna átti fund með Evu Joly og Ólafi Þór Haukssyni, sérstök-

um saksóknara, í gær og segir að þau hafi átt hreinskiptið samtál um þær lagabreytingar sem unnið er að. Hún segist ekki hafa trú á því að Eva hætti að vinna með íslenskum stjórnvöldum.

„Ég hef fulla trú á að það takist að finna botn í þessu máli. Fundurinn í gær gaf mér ekki tilefni til að halda annað," segir Ragna.

Hún segir jafnframt að verið sé að vinna að tillögum Evu um að skipaðir verði sjálfstæðir saksóknarar innan embættis sérstaks saksóknara. Eva Joly hefur lagt fram tillögum um að skipaðir verði sjálfstæðir saksóknarar yfir hverjum banka.



EVA JOLY Hefur lýst því yfir að hún vilji að ríkissaksóknari víki að öllu leyti. Einnig að skipaðir verði sérstakir saksóknarar yfir hverjum banka. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Blaðamaður DV dæmdur:

Sekt og ummæli ómerkt

DÓMSTÓLAR Fyrrum blaðamaður DV hefur verið dæmdur til að greiða konu 700 þúsund krónur í skaðabætur, auk þess sem ummæli um hana í blaðinu voru dæmd dauð og ómerk.

Upphaf málsins var umfjöllun um meðferðarheimili á Norðurlandi. Blaðamaður hafði ummæli eftir nafngreindum viðmælanda um fyrrum mágkonu hans, meðal annars að hún hefði verið í sjálfsvígshugleiðingum. Dómurinn sagði að ekki hefði verið um að ræða viðtal við fyrrum mágin. Því teljist viðmælandinn ekki vera höfundur efnisins heldur blaðamaðurinn.



BLÓM Maðurinn stal meðal annars tveimur blómvöndum.

Fangelsi í mánuði:

Ók fullur og stal blómum

DÓMSMÁL Rúmlega tvítugur maður hefur verið dæmdur í eins mánaðar fangelsi og til sviptingar ökuréttar í fimm ár.

Maðurinn stal úr verslunum vörum fyrir nokkra tugi þúsunda. Hluta þeirra greiddi hann með greiðslukorti annars manns. Þá stal hann tveimur blómvöndum í Krónunni.

Hinn dæmdu var að auki tekinn drukkinn undir stýri. Hann hafði áður verið tekinn fullur og réttindalaus við akstur og voru þau mál sameinuð málinu nú. Maðurinn er erlendur ríkisborgari. - jss

ÍRAN

Forsetakosningar í dag

Forsetakosningar fara fram í Íran í dag, eftir mikla og harða kosningarbaráttu undanfarið. Tveir helstu frambjóðendurnir eru Mahmoud Ahmadinejad forseti og Mir Hosssein Mousavi. Mousavi hefur kallað eftir meiru félagslegu frelsi, opnari fjölmiðlum og því að samskipti við Vesturlönd verði bætt.

LEIÐRÉTTING

Í tengslum við frétt um leiklistarnám í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ ber þess að geta að leiklist hefur einnig verið kennd í Borgarholtsskóla síðastliðin níu ár. Bóðið er upp á allt að sjö áfanga í leiklist en tveir leiklistarkennarar á lista- og fjölmiðlasviði annast kennsluna.

Eitt af sex heimilum er í vondum málum

Um tólf þúsund heimili eru með mjög þunga greiðslubyrði. Tekjuhátt fólk er með neikvæðari eiginfjárstöðu. „Svartara ástand en ég gerði ráð fyrir," segir þingmaður. Formaður félagsmálanefndar segist hafa haldið ástandið verr.

EFNAHAGUR Eitt af hverjum sex heimilum, eða um tólf þúsund heimili, eru með mjög þunga greiðslubyrði og þurfa að verja meira en helmingi ráðstöfunartekna heimilisins í lánagreiðslur. Líðlega fjórðungur heimila er með heildarskuldir sem nema um fimmföldum ráðstöfunartekjum þeirra. Þetta kemur fram í nýrri greiningu Seðlabanka Íslands á stöðu íslenskra heimila í kjölfar bankahruns. Miðað er við tekjur í febrúar 2009.

„Þetta er svartara ástand en ég gerði ráð fyrir í febrúar," segir Tryggvi Þór Herbertsson alþingismaður. „Þetta er mjög í samræmi við það sem maður hefði haldið og sýnir í raun hversu grafalvarlegt ástandið er. Staðan hefur versnað mikið síðan í febrúar, gengið hefur fallið, bæst hefur við verðbólgu, atvinnuleysi aukist og eignaverð lækkað," segir Tryggvi.

Lilja Mósesdóttir, formaður félagsmálanefndar, er hins vegar á öðru máli og segir að hún hafi haldið að ástandið væri verr. „Mér finnst ánægjulegt að það skuli ekki vera stærri hópur sem er með of þunga greiðslubyrði," segir Lilja.

Um 78 prósent hjóna með börn eru með víðráðanlega greiðslubyrði, sem miðuð er við 40 prósent af ráðstöfunartekjum í greiningunni. Hins vegar eru um 97 prósent einstæðra foreldra með undir 500 þúsund krónum á mánuði.

„Mér fannst gott að hægt var að greina þetta í ýmsar gerðir og þjóðfélagsþópa. Hægt er að nota þessar upplýsingar þegar skattahækkunarir verða ákveðnar," segir Lilja.



GREININGIN KYNNT Þorvarður Tjörvi Ólafsson, annar þeirra sem gerði greininguna fyrir Seðlabankann, kynnr greininguna á málstofu í Seðlabankanum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

LILJA MÓSESDÓTTIR Hún segir ánægjulegt að hægt hafi verið að greina þjóðfélagsþópa. Það komi sér vel þegar skattahækkunir verði ákveðnar. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJTUR



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR

Borgarfulltrúar tyrfa torgið: Hljómskálakaffi opnað í dag

REYKJAVÍK Kaffihús verður opnað í dag í Hljómskálanum í samnefndum garði.

Ætlunin er að hægt verði að kaupa þar veitingar í sumar og standa að uppákomum, til að mynda á hljómsveit að spila af þaki Hljómskálans á laugardögum. Klukkan 14 munu borgarfulltrúar hrinda af stað átakinu Björtu Reykjavík á Lækjartorgi með því að tyrfa torgið að hluta.

„Við ætlum að nota sumarið til að gera miðborgina okkar enn grænari, fegurri og betri. Meðal annars með því að fegra leik- og útisvæðin," segir Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri. - kóp

Hælsleitendur frá Grikklandi:

Ekki sendir sjálfkrafa burt

INNANRÍKISMÁL „Ég hef ákveðið að þau verði ekki send sjálfkrafa til Grikklands," segir Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra um sex hælsleitendur frá Grikklandi sem hafa verið hér í meira en hálf tveimur árum.

Á grundvelli Dyflinnarreglna eru hælsleitendur sjálfkrafa sendir til fyrsta viðtökuríkis.

„Stefnan er sú að það verði endursendingar til Grikklands en málin verða skoðuð með tilliti til hvers og eins. Við þurfum að skoða þetta með hliðsjón af skýrslunni," segir Ragna.

Í skýrslu sem unnið var fyrir dómsmálaráðuneytið kemur fram að Sameinuðu þjóðirnar leggja gegn því að flóttamenn séu sendir aftur til Grikklands. Hins vegar hafi aðstæður þar skánað. - vsp

Minna kólesteról

Benecol er náttúrulegur mjólkurdrykkur sem lækkar kólesteról í blóði.

Mikilvægt er að halda kólesterólgildum innan eðlilegra marka því af hátt kólesteról í blóði er einn helsti áhættuþáttur kransæðasjúkdóma.

Ein flaska á dag dugar til að ná hámarksvirkni.

www.ms.is

VEÐURSPÁ

HEIMURINN

Alicante	28°
Amsterdam	17°
Basel	22°
Berlín	15°
Billund	15°
Eindhoven	19°
Frankfurt	19°
Friedrichshafen	20°
Gautaborg	15°
Kaupmannahöfn	15°
Las Palmas	22°
London	20°
New York	28°
Orlando	34°
Osló	11°
París	20°
Róm	30°
Stokkhölmur	17°

Vindhraði er í m/s. Hitastig er í °C. Gildistími korta er um hádegi.

Þorvarður P. Ragnarsson veðurfræðingur

ÞORVARÐUR P. RAGNARSSON veðurfræðingur

POKKALEGAR HELGARHORFUR Það verða ekki lætin í veðrinu þessa helgina frekar er síðustu daga. Horfur eru á hægum breytilegum áttum með smá vætu á víð og dreif einkum suðaustan- og austanlands. Sýnu bjartast verður norðvestanlands en sú gula gæti þó skotið upp kollinum mjög víða. Sú úrkoma sem þó sést er heldur lítilfjörleg. Hiti breytist lítið.

Á MORGUN Hæg, breytileg átt.

SUNNUDAGUR 5-10 m/s á annnesjum nýrðra annars hægvíðri

*Fríhafnardagar
um helgina*

FRÍHAFNARDAGAR

Dagana 11.-14. júní afnemum
við virðisaukaskatt af öllum
snyrtivörum.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 24,5% virðisaukaskatt af þessari
sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 14. júní 2009.

**TAX
FREE**

**SNYRTIVÖRU
DAGAR**



OPIÐ

ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

Sumargleði!

20% afsláttur

af öllum vörum í verslunum okkar

F O K U S



SAND

BOSS
HUGO BOSS

HUGO
HUGO BOSS

B & S
KONUR

B&S | Kringlunni 553 4141

Ný og stærri verslun á neðri hæð Kringlunnar.

BOSS
HUGO BOSS

HUGO
HUGO BOSS

SAND

strellson

Van Gils

gardeur

CANALI

PAL ZILERI

fierra
GARÐURINN
-klæðir þig vel

FINUCCI bugatti LLOYD eterna POLO RALPH LAUREN

KRINGLAN · SMÁRALIND
568 9234 544 2410



HUGO BOSS

HUGO BOSS | KRINGLUNNI 533 4242

Verlaðu ódýrt!

KJÚKLINGABRINGUR, SKINNLAUSAR

1.957 kr/kg

~~2.796~~ kr/kg

30%
afsláttur

GRILL SVÍNALÆRISSNEIÐAR

909 kr/kg

~~1.298~~ kr/kg

TILBOÐ

ALVÖRU HAMBORGARAR
2x175g

398 kr/pk.

~~568~~ kr/pk.

30%
afsláttur

30%
afsláttur

30%
afsláttur

KJÖTSEL

GRILL SVÍNAKÓTILETTUR

1.189 kr/kg

~~1.698~~ kr/kg

ÓDÝRT

GRILL SVÍNAKÓTILETTUR, REYKTAR

1.189 kr/kg

~~1.698~~ kr/kg

30%
afsláttur



30%
afsláttur

NÚÐLUR 3 TEG.

69 kr/pk.

~~99~~ kr/pk.



40%
afsláttur

FERSKUR NAUTAPOTTRETTUR

1.499 kr/kg

~~2.498~~ kr/kg

VISCOUNT MINT 14 stk.

195 kr/pk.

~~279~~ kr/pk.

30%
afsláttur

HARIBO CHAMELLOWS
175g

179 kr/kg

~~239~~ kr/kg

25%
afsláttur

TILBOÐIN GILDA 11. - 14. JÚNÍ EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Birt með fyrirvara um prentvillur.

www.markhonnun.is

www.netto.is

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

netto
SPARNADUR



KOSNINGAR Mahmoud Ahmadinejad, forseti Írans, veifar fána landsins á kosningafundi á miðvikudag. Forsetakosningar fara fram í Íran í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hæstiréttur sneri við dómi héraðsdóms sem áður hafði sýknað bónda: Stúlka fær tvær milljónir í bætur

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur dæmt bónda til að greiða stúlku tæpar tvær milljónir í bætur eftir að nýborin kýr sem hann átti réðst á stúlkuna og slasaði hana. Héraðsdómur hafði áður sýknað bóndann.

Stúlkan var fjórtán ára árið 2002 þegar hún var við störf hjá bóndanum, þá alls óvön sveitastörfum. Faðir bóndans fór með hana til aðstoðar til þess að reka heim nýborna kú. Skipti þá engum togum að kýrin réðst á stúlkuna, stakk höfðinu í kvið hennar og stangaði hana um koll. Stúlkun féll á bakið á þúfótt undirlag. Þá stappaði kýrin á höfði hennar

og traðkaði á andliti hennar. Auk áverka á höfði hlaut stúlkun samfallsbrot í mjóhrygg. Varanleg örorka hennar var metin fimm prósent.

Í dómsniðurstöðu Hæstaréttar segir meðal annars að sérstök skylda hafi hvílt á eiganda kýrinnar og vinnuveitanda stúlkunnar að tryggja að henni yrði ekki falið að sækja kúna, þar sem nýbornar kýr geta brugðist illa við áreiti. Ella hefði honum borið skylda til að tryggja öryggi stúlkunnar við verk af þessu tagi. Ekki var talið að hún hefði átt raunhæfan kost að komast undan eða afstýra árás kýrinnar.

-jss



KÝR Nýbornar kýr geta reynt ansi skæðar ef þeim dettur í hug að setja undir sig hausinn.

Eiríkur Bergmann um ESB: Lettar ná ekki skilyrðunum

EVROÞUMÁL Það er erfitt að taka undir það að ESB fari illa með Letta, eins og Ögmundur Jónsson heilbrigðisráðherra hélt fram í Fréttablaðinu á laugardag, segir Eiríkur Bergmann, forstöðumaður Evrópuseturs Háskólans á Bifröst. Sannleikurinn sé sá að Lettar geti einfaldlega ekki uppfyllt Maastricht-skilyrðin, og fái því ekki að taka upp evru.

„Evrópusambandið hefur tekið illa í að slaka á þessum skilyrðum gagnvart Austur-Evrópu. Auðvitað má spyrja að því hvort ESB eigi að draga úr Maastricht-kröfunum yfirleitt. En það er annað mál,“ segir hann.

-kóp

DANSLEIKIR á Fjörúkránni

Hljómsveitin Specials

föstudag 12. og laugardag 13. júní

Specials sérhæfa sig í sjöunda áratugnum

- Bítlumum, Stones og Pretty Things

Sérfræðingarnir lofa stanslausu stuði á Fjörúkránni. Smeygjum okkur í dansskóna og mætum tímanlega.

Hljómsveit Rúnars Þórs þriðjudaginn 16. júní

Svínaflensan orðin að heimsfaraldri

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin lýsti því yfir í gær að viðbúnaðarstig vegna H1N1-flensunnar hefði verið hækkað og flensan því orðin heimsfaraldur. Hafist hefur verið handa við gerð bóluefnis. 30 þúsund hafa nú smitast og 144 látið lífið.

SVISS, AP Alþjóðaheilbrigðisstofnunin lýsti því yfir í gær að H1N1-flensan, sem einnig hefur verið kölluð svínaflensan, sé orðin að heimsfaraldri. Það þýðir að flensan sé að dreifast í að minnsta kosti tveimur hlutum heimsins. Flensan er sú fyrsta í 41 ár til þess að verða að heimsfaraldri.

„Heimsbyggðin er að fara inn í fyrstu daga fyrsta heimsfaraldurs 21. aldarinnar,“ sagði Margaret Chan, yfirmaður Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar og bætti því við að flensan væri nú óstöðvandi. „Þrátt fyrir það búumst við ekki við því að sjá mikla aukningu af alvarlegum eða banvænum tilfellum.“ Að sögn Chan hefur enginn annar heimsfaraldur verið uppgötvaður svo snemma. Ekki hefur heldur nokkurn tímann verið fylgst jafn vel með heimsfaraldri.

Flensan hafði í gær dreift sér til 74 landa þar sem næstum 30 þúsund manns hafa smitast. 144 hafa látist hingað til. Faraldurinn er því heldur vægur en stofnunin óttast samt sem áður að ef mikill fjöldi nýrra tilfella kæmi upp myndu sjúkrahús og heilbrigðisfyrirvöld ekki ráða við það, þá sérstaklega í fátækum löndum.

Venjuleg flensa leggur um 250 þúsund til 500 þúsund manns að velli á hverju ári. Um ein milljón manna létu lífið í síðasta heimsfaraldri, Hong Kong-flensunni. Um helmingur þeirra sem hafa látist úr svínaflensunni var ungt og heilbriggt fólk, sem væri ekki svo móttækilegt fyrir venjulegri flensu.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur mælt með því að nú verði ráðist í gerð bóluefnis. Lyfjarisinn Glaxo-SmithKline greindi frá því í gær að hægt yrði að hefja framleiðslu á því í júlí en nokkrir mánuðir muni líða



BLAÐAMANNAFUNDUR Margaret Chan og Keiji Fukuda, hjá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni, segja viðbúnað vegna svínaflensu kominn á sjötta og efsta stig. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

NÚ ER HÆGT AÐ FRAMLEIÐA BÓLUEFNI

Haraldur Briem sóttvarnarlæknir fundar í dag með almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra vegna þeirrar yfirlýsingar Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar að svínaflensan sé opinberlega orðin að heimsfaraldri. Haraldur segir yfirlýsinguna ekki koma á óvart. „Þetta þýðir í sjálfa sér ekkert annað en að við höldum okkar vinnu áfram eins og við höfum verið að gera. Viðbúnaður hefur verið á hættustigi og mun verða það áfram að óbreyttu. Við munum fara yfir stöðuna og meta það sem heilbrigðisstofnunin hefur að segja. Þeir vara við að menn gripi til yfirgripsmikilla aðgerða sem gætu haft áhrif á flug



HARALDUR BRIEM

milli landa, að gripið sé til lokana og þvíumlíks, enda er tilefnið ekki þannig núna.“ Að sögn Ólafs er stærsta fréttin sú að í kjölfar yfirlýsingar Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar geti framleiðendur snúið sér að því að búa til bóluefni gegn flensunni. „Þeir geta ekki byrjað á því fyrr en það er búið að ákveða að þetta sé heimsfaraldur. Þetta hefur því talsverða þýðingu,“ segir Haraldur Briem. -kg

þar til það verður til í miklu magni. Þá verða fyrstu skammtarnir sendir til landa sem hafa pantað það fyrirfram, þar á meðal eru Belgía, Bretland og Frakkland. Einnig verður

bóluefni fyrir 50 milljónir bandaríkjadalra gefið til Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar til dreifingar í fátækum löndum.

thorunn@frettabladid.is

Miele

Pú sparar kr. 9.220

Sparaðu með Miele

Nýja S2120 ryksugan frá Miele er lágvæ, létt, kraftmikil og með stórum poka. Parketbursti að andvirði kr. 9.220 fylgir frítt með.

Tilboð kr. 23.995*

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

*tilboð gildir á meðan birgðir endast.

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

5125050

Auglýsingasími

Mest lesið

Neytendur: Margir söknuðu verkjalyfsins Treo úr hillum apóteka

Vanafastir taka gleði sína



KJARTAN GUÐMUNDSSON Staðgengill umboðsmanns neytenda

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Staðgengill umboðsmanns neytenda hafði veður af því að margir söknuðu verkjalyfsins Treo úr hillum apóteka um allt land. Hann fór því á stúfana og komst að því að lyfið vinsæla var ófánlegt um nokkur vikna skeið, en er nú fánlegt aftur.

Að sögn lyfjafræðings hjá Lyfju var mjög mikið spurt eftir Treo meðan það var ófánlegt. Ekki síst af migenissjúklingum, enda sé Treo gott fyrir þá og innihaldi bæði koffín og asp-



irín. Vissulega séu til önnur lyf sem geti gert sama gagn, en margir séu vanafastir og kjósi það sem þeir telji henta sér best.

Hjá Apótekarannum var tekið í sama streng og sagt að viðskiptavinir hafi gengið á milli apóteka til að freista þess að ná sér í Treo.

Hjá Distica, sem flytur inn Treo, fengust þær upplýsingar að lyfið hefði lent í nokkurra vikna bið. Misræmi hafi verið í texta fylgiseðils, sem um gilda ströng skilyrði, og því þurft að umpakka upplaginu. Heyrst hefði af þessum fjölda sem saknaði Treo, en nú gæti fólk tekið gleði sína á ný.

TAX FREE!

Hefst í dag!

TAX FREE!



TAX FREE AF ALLRI VIÐARVÖRN OG ÚTIMÁLNINGU

Gildir í Húsasmiðjunni um land allt



Lestu allt
um málningu
og viðarvörn
í Sælureit



Mest selda
pallaóla
á Íslandi



Einnig frábært verð
á málningaráhöldum!

Að sjálfsögðu stendur
Húsasmiðjan skil á
virðisaukaskatti til ríkissjóðs.



Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

Fjöldi viðskipta: 22

OMX ÍSLAND 15
269 -0,85%

Velta: 110 milljónir

OMX ÍSLAND 6
741 +0,23%

MESTA HÆKKUN

↑ CENTURY AL.
ÖSSUR +7,72%
+2,74%

MESTA LÆKKUN

↓ BAKKAVÖR
MAREL FOOD S.
FØROYA BANKI -6,09%
-0,92%
-0,41%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 4,20 +0,00% ... Atlantic Airways 167,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 550,00 +0,00% ... Bakkavör 1,08 -6,09% ... Eik Banki 89,00 +0,00% ... Eimskipafélagið 1,00 +0,00% ... Føroya Banki 122,50 -0,41% ... Icelandair Group 4,60 +0,00% ... Marel Food Systems 54,00 -0,92% ... Össur 112,50 +2,74%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Álverð ekki hærra í ár

Heimsmarkaðsverð á áli hefur hækkað stutt og stöðugt í mánuðinum og var í gær komið í 1.673 Bandaríkjadali á tonninn á hrávörumarkaðnum í Lundúnum í Bretlandi. Það hefur ekki verið hærra á árinu.

Fyrir ári stóð álverði í tæpum þrjú þúsund dölum á tonninn og rauf múrinn þegar nær dró hausti. Þegar fjármálakreppan kreppti að efnahagslífinu dró hratt úr eftirspurn og féll álverð niður undir 1.200 dali á tonninn skömmu eftir áramót. Það reis eftir það og var komið í 1.400 dali í síðasta mánuði.

Mikil eftirspurn eftir áli í Kína og Japan hefur ýtt verðinu upp síðustu vikur, samkvæmt upplýsingum Bloomberg-fréttaveitunnar í gær. Þar segir að Kínverjar nái ekki að sinna heimamarkaði með eigin framleiðslu og verði því að flytja inn ál annars staðar frá.

Þá hafa framleiðendur bíla og



Í ÁLVERI Sérfræðingar telja líkur á að álverð hækki á næstu misserum, eða í takt við viðsnúning á helstu erlendu mörkuðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM VÉLTÆKJA í Japan sómuleiðis gefið í við framleiðsluna og þurfa á meira álmagni að halda en áður.

IFS Greining segir í áliti sínu um stöðu og horfur á álmarkaði í fyrradag nokkuð sterkt samband á milli birgðamagns og verðs á áli. Markaðsaðilar hafi fagnað fréttum af minnkandi álbirgðum og hækkað verðið. Gera megi ráð fyrir að verðið hækki á næstu misserum.

- jaf

Össur rýfur kreppumúr

Gengi hlutabréfa Össurar endaði í 112,5 krónum á hlut í gær og er nú álíka hátt og í janúar árið 2007. Hlutabréf Össurar eru í raun ódýrir Bandaríkjadalir, segir sérfræðingur.

„Skýringin kann að liggja í fáum fjárfestingarkostum í Kauphöllinni. Miðað við önnur félög lítur Össur afskaplega vel út. Í raun má líta svo á að stoðtækjafyrirtækið



HARALDUR YNGVI PÉTURSSON

þjóði fólki að kaupa erlendan gjaldeyri á afslætti,“ segir Haraldur Yngvi Pétursson, sérfræðingur hjá IFS Greiningu. Gengi hlutabréfa Össurar hefur hækkað um rúm 54 prósent síðastliðna þrjú mánuði, eða síðan það tók dýfu í enn einum skellinum á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum í mars síðastliðnum og fór við það í tæpar 73 krónur á hlut. Þá hafði það ekki verið lægra í fimm ár.

Gengið hækkaði um 2,74 prósent í gær, endaði í 112,5 krónum á hlut og hefur það ekki verið hærra síðan í maí í hittidýrara. Á sama tíma hefur gengi annarra félaga tekið dýfu og Úrvalsvísitalan hrundi um 97 prósent.

Hlutabréf Össurar eru jafnframt þau einu sem hafa hækkað í verði í Kauphöllinni síðastliðna tólf mánuði og þau einu íslensku sem verið hafa á uppleið þar frá áramótum. Hin félögin tvö eru færeysk, Atlantic Petroleum og Færeysbanki. Gengishækkun þeirra nær ekki tveimur prósent-



HÖFUÐSTÖÐVAR ÖSSURAR Gengi hlutabréfa stoðtækjafyrirtækisins er það eina sem hefur hækkað síðastliðna tólf mánuði í Kauphöllinni.

um á meðan gengi bréfa Össurar hefur hækkað um tæp þrettán prósent.

Viðskipti hafa verið all nokkur upp á síðkastið með hlutabréf stoðtækjafyrirtækisins. Ekki má útiloka að viðskiptavakar félagsins eigi þar hlut að máli til að vega upp á móti ládeyðu á mörkuðunum eftir að efnahagslífið fór á hliðina í fyrrahaust.

Haraldur segir í raun ekki rétt að hugsa um gengi hlutabréfa Össurar í krónum. Undirliggjandi verðmæti stoðtækjafyrirtækisins

sé í Bandaríkjadölum, uppgjörsmynt félagsins. Öll sala liggja utan landsteina og því beri að hugsa um verðmatið á hlutabréfunum í dölum.

Í nýlegu verðmati IFS frá í lok maí er markaðsgengi Össurar metið á einn Bandaríkjadali á hlut. Miðað við lokagengi bréfa félagsins í gær stendur það hins vegar fast við 0,8 dali á hlut, sem er afskaplega lágt að mati Haraldar. „Ég tel að 1,5 dalir á hlut sé nær lagi,“ segir hann.

jonab@markadurinn.is

FRÉTTABLAÐIÐ

TIL HAMINGJU EYRARBAKKI OG STOKKSEYRI

Náðst hefur samkomulag við bæjaryfirvöld um uppsetningu Fréttablaðskassa þannig að nú getur þú nálgast Fréttablaðið á miklu fleiri stöðum. Einnig getur þú nálgast Fréttablaðið á Vísir.is

Stokkseyri

Fréttablaðskassar

Við Hásteinsveg 16
Við Stjórnusteina/Heiðarbrún
Við Eyrarbraut/Eyjasel

Afhent í verslun:

Shellskálinn Hásteinsvegur 4

Eyrarbakki

Við Eyrargötu/Háeyrarveg
Við Eyrargötu/Álfsstétt
Við Túngötu/Bárðarbrú
Við Túngötu 33

Merkisteinn Eyrargötu 49



...allt sem þú þarft



Óskir þú frekari upplýsinga eða vilt koma á framfæri óskum um uppsetningu Fréttablaðskassa bendum við þér á að hafa samband við dreifing@posthusid.is eða í síma: 585-8330.

Nýtt lofthreinsitæki í Hagkaup



Frábært lofthreinsitæki CLEANAER

- Frábært lofthreinsitæki
- Hreinsar loft með sérstakri jónatækni
- Minnkar ryk/lykt (t.d frá sigarettum)
- Minnkar frjókorna/katta/dýra ofnæmi
- Hreinsar allt að 56m³ rými
- Vottað af bresku ofnæmissamtökunum
- Hljóðlaust
- Fylling endist í allt að 2 mánuði
- Gengur fyrir 2xAA rafhlöðum
- Veggfesting fylgir
- Tilboðsverð með aukahylki er 9995
- Ítarlegar upplýsingar

9.990_{kr}

GOTT VERÐ



Melissa hárblásari 635092

- 2200w
- 2 kalda- og 3 hitastillingar
- Kaldur blástur
- Með ionization - afrafmagnar hárið
- 2 hausar fylgja
- Ofhitunarvörn
- Hægt að taka út filter til að hreinsa



3.490_{kr}

GOTT VERÐ

Melissa hárklippur 638147

- Óflugar hárklippur
- Riðfrýtt stálblað
- Skæri, greiða, hreinsibursti og olía fylgja
- Þrjú kambar fylgja fyrir mismunandi lengdir: 6mm, 9mm og 13mm



3.990_{kr}

GOTT VERÐ

Melissa hárklippur 638146

- Óflugar hárklippur
- 4 kambar, skæri og greiða fylgja
- Litur: Svart



2.490_{kr}

GOTT VERÐ

Melissa brauðrist 643200

- 680w brauðrist
- Fyrir 2 brauðsneiðar
- 6 stillingar
- Stop takki



3.490_{kr}

GOTT VERÐ

Melissa samlokugrill 643096

- 750w
- Samlokugrill fyrir 2 sneiðar
- Litur: Hvítur



3.990_{kr}

GOTT VERÐ

Panasonic ryksuga MCCG475

- 2500W ryksuga
- 350W sogkraftur
- HEPA filtera kerfi
- Stillanlegt rör
- Vönduð gúmmihjól
- 2 fylgihlutir
- 5 metra snúra



14.990_{kr}

GOTT VERÐ



Melissa kaffivél 645097

- 800w
- 1,25l
- 10 bollar
- Burstað stál
- Flott kaffivél
- Mælir vatnsmagn
- Heldur hita

4.990_{kr}

GOTT VERÐ

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

Gildir til 18. júní eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



40%
AFSLÁTTUR

MÓA GRILL KJÚKLINGALÆRI
MERKT VERÐ 898 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR
539 kr./kg.



1078

**K.S FROSID
LAMBALÆRI
1078 kr./kg.**



398

K.F KOFAREYKT
SVEITABJUGU
MERKT VERÐ 498 KR./KG. 20% AFSLÁTTUR
398 kr./kg.



STEINBITUR

598

FROSINN STEINBITUR RÖÐ
OG BEINLAUS
aðeins **598 kr./kg.**



HÁLFT KÍLÓ

498

FERSK JARÐARBER **498 kr.**



498

AMERÍSK BLÁBER 340 gr
Stór askja **498 kr.**



198

SFG FORSÖÐNAR BÖKUNARKARTÖLFUR **298 kr./kg.**
KARTÖFLUR HVÍTAR 2 KG **198 kr.**



298

HAMBORGARI 150 KR.
MEÐ BRAUÐI



120

1199

K.F LÚXUS HAMBORGARAR 10 STK 120g **1199 kr.**
BÓNUS XL HAMBORGARABRAUÐ 4 STK **120 kr.**



598

NEUTRAL ÞVOTTAEFNI
1.9 kg **598 kr.**



598

BÓNUS FROSTPINNAR 24 STK
598 kr.- 25 KR. STK.

NÝ BAKAÐ

LANGLOKUR 4 STK AÐEINS **198 kr.**
3JA KORNABRAUÐ **198 kr.**
HNETUVÍNARBRAUÐ 4 STK AÐEINS **198 kr.**
KLEINUHRINGIR 2 STK **198 kr.**
NÝBAKAÐ Í VERSLUNUM BÓNUS



498

GÓUPRENNAN 3 X 200G KASSAR **498 kr.**



359

CAPRI SONNE 10 STK **359 kr. TVÆR TEG.**

BONUS BÝÐUR BETUR

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



498

ALI FERSKT GRÍSAHAKK
498 kr./kg.



FERSKT EÐA FROSID

2698

K.S LAMBAFILLET FERSKT EÐA FROSID
2698 kr./kg.



898

ALI FERSKT GRÍSASNITSEL
898 kr./kg.



FERSKUR KJÚKLINGUR

1679

HOLTA FERSKAR KJÚKLINGALUNDIR
2798 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR 1679 kr./kg.



898

ALI FERSKT GRÍSAGÚLLAS
898 kr./kg.



1598

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGALUNDIR
1998 KR./KG. 20% AFSLÁTTUR 1598 kr./kg.



259

BÓNUS FETAOSTUR 250G 259 kr



1498

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1998 KR./KG. 25% AFSLÁTTUR 1498 kr./kg.



98

98 kr. 1 ltr.

PEPSI MAX 1 LTR. 98 kr.
KRISTALL PLUS RAUÐUR/APPELSÍNU
1 LTR. 98 kr.

SÆLGÆTISBARINN
50% AFSLÁTTUR ALLA DAGA
85 kr. pr.100g poki

BONUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.



149

BÓNUS HRÁSALAT 350g 149 kr.



139

BÓNUS SÝRÐUR RJÓMI
10 & 18% 185ML 139 kr.



189

BÓNUS BRAUÐSALAT 200G 189 kr.
RÆKJU OG TÚNFISK.



198

BÓNUS KALDAR GRILLSÓSUR 270 ML
198 kr.



359

GRANDOS
INSTANTKAFFI GULL
100 gr 359 kr.



Er þjóðstjórn góður kostur?

Hugsanlega

PORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Þólitískar vísbendingar um möguleika á þjóðstjórn eru ekki sýnilegar eins og sakir standa. Þörfin fyrir skýra framtíðarsýn, vissu um hvað til bragðs skuli taka og breiðari samstöðu um framkvæmd einstakra mála er þó smám saman að verða augljósari og brýnni en áður.

Gjaldmiðilshrunið og fall bankanna kallaði eðlilega á pólitískt uppgjör. Það fór fram í búshaldabyltingu og kosningum. Niðurstaðan leiddi fram skörpustu mögulegar andstæður í íslenskum stjórnárum. Viðfangsefnið eru hins vegar svo risavaxin að aldrei fyrir hefur verið meiri þörf á breiðri samhentri forystu um málefni landsins. Þessi þverstæða blasir við.

Pólitíska uppgjörið snerist um fortíðina. Slíkt uppgjör gat bara farið á einn veg. Á hinn bóginn hefur ekkert uppgjör átt sér stað um framtíðina eða hvernig standa eigi að endurreisn á öllum sviðum í búskap þjóðarinnar. Þess vegna er ríkisstjórnin í jafn kröppum dansi og raun ber vitni þegar á fyrstu lífdögnum.

Allur málfutningur og rökstuðningur fyrir málum byggist á skírskotunum til fortíðarinnar. Það er af því að pólitíska uppgjörið fór fram um hana en ekki framtíðina. Framtíðaruppgjörið fáum við héðan af ekki fyrir en að loknu þessu kjörtímabili.

Við slíkar aðstæður er rétt og skylt að vekja þá spurningu hvort breiðari stefnumótun og ábyrgð sé líklegri til árangurs en ríkjandi pólitískt ástand. Mikilvægt er að hafa í huga í því sambandi að þjóðstjórn sem einvörðungur snerist um að skipta valdastólum breytti litlu. Spurningin snýst um hitt hvort unnt er að sameina stjórnárumálflokkinn um höfuðlínur endurreisnarinnar þannig að hún geti gengið fram með mestum mögulegum hraða og fólkið í landinu viti hvert stefnið og fái trú á framtíðina.

Hér hafa ekki setið hreinræktaðar hægri eða vinstri stjórnir fyrir en nú. Málfutningur stjórnarflokkanna bendir til að þeir vilji nýta sér þá stöðu til hins ítrasta.

Á sama hátt má sjá glögg merki um að stjórnarandstöðuflokkarnir telja að tíminn vinni með þeim. Þeir eru ekki líklegir til að hafa áhuga á stjórnarþátttöku fyrir en eftir að pólitíska framtíðaruppgjörið hefur farið fram í nýjum kosningum.

Þetta er hinn eðlilegi gangur mála. Í reiptogi stjórnárumála felst langtíma jafnvægi. Aðstæður þjóðarinnar eru á hinn bóginn svo óvenjulegar að þjóðin hefur ekki efni á því hiki og þeirri óvissu sem af pólitísku þræfli leiðir.

Í reynd hefur verið málefnaleg stjórnarkreppa um framtíðarmálefni þjóðarinnar síðan í nóvember. Sennilega er hún búin að kosta fólkið í landinu og fyrirtækin jafn mikið í krónum og aurum eins og upphaflega hrunið. Að sama skapi er pólitísk ábyrgð á vandaárum á fleiri herðum nú þegar.

Ríkisstjórnarflokkarnir hafa boðið til samstarfs í þinginu þegar brotalamir í þeirra eigin liði valda óvissu um framgang mála. Þetta er merki um veikleika en ekki nýtt lýðræði. Þegar ríkisstjórnin býður stjórnarandstöðunni að viðræðuborði með samtökum atvinnulífsins og launþega fær þjóðin ekki að vita hvort það er til að hlusta eða til að hafa áhrif og bera ábyrgð. Það er vísbending um lausatök en ekki festu.

Að þessu virtu gæti þjóðstjórn verið góður kostur. Vel gæti líka farið á því að kalla á mann utan við vettvang stjórnárumála til að veita henni forystu og tengja saman. Til þess að svo megi verða þurfa forystumenn á Alþingi að virða stöðuna af nýrri sjónarhæð.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ekki er efast um Evu

Við Íslendingar gerðum, illu heilli, lítið úr viðvörðunarrópum erlendra sérfræðinga þegar þeir sáu okkur fara eftir villuljósum í útrás og uppspunnu góðæri. Síðar sáum við að það gæti verið gott að hafa eins og tvö gestaugu á svæðinu. Nú hefur Eva Joly séð eitthvað athugavert við að Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari sinni störfum fyrir þær sakir að vera faðir annars forstjóra Exista. Eins segir hún að vanti fjármagn og mannskap svo hægt sé að rannsaka málin. Nokkuð kemur á óvart að bæði dómsmálaráðgjafi og forsætisráðgjafi segjast sjá þetta líka. En af hverju var þá

beðið uns Eva ærðist? Var ekki hægt að gera eitthvað við þessu strax?

Vanhæfisástand

Annars virðast margir sjá vanhæfi hvaðan sem þeir koma. Í janúar sagði Björg Thorarensen, forseti lagadeildar Háskóla Íslands, að Páll Hreinsson kynni að vera vanhæfur sem hæstaréttardómari í málum sem snúa að hruni bankanna, en hann er formaður rannsóknarnefndar um hrun þeirra. Jónas Fr. Jónsson, fyrrverandi forstjóri FME, telur Sigríði Benedíksdóttur vanhæfa í nefndinni vegna ummæla sem hún hafði uppi í

viðtali við erlent skólablað. Páll sjálfur segist hins vegar ekki geta tjáð sig um það hvað honum þyki um málefni Sigríðar því það myndi hugsanlega gera hann vanhæfan. Þetta er nú meiri óhæfan. Gæti nefndin hugsanlega aðhafst eitthvað sem ekki gerir hana vanhæfa?

Fátt um fína vexti

Guðmundur Rúnar Svavarsson, áður ritstjóri Stúdentablaðsins, er með fína ábendingu á bloggsíðu sinni til þeirra sem telja Breta og Hollendinga kúga okkur, til dæmis með 5,55 prósentavöxtum. Af hverju tókum við ekki bara hagstæðara lán annars staðar fyrir þessu? Spyr hann. En veit eins og er að fátt væri um fína draetti í slíkum samningum. jse@frettabladid.is



SPOTTIÐ



Um hvað snýst hæfi?

UMRÆÐAN

Jóhannes Karl Sveinsson skrifar um hæfi rannsakenda



JÓHANNES KARL SVEINSSON

Fyrrum forstjóri Fjármálaeftirlitsins sendi rannsóknarnefnd Alþingis bréf í apríl síðastliðnum. Þar var vakin athygli

á ummælum sem einn nefndarmaður hafði látið falla og fólu í sér afstöðu til grundvallaratriða sem til skoðunar eru hjá nefndinni, þ.e. að orsök bankahrunsins væri m.a. (á tungu frumheimildarinnar) „reckless complacency by the institutions that were in charge of regulating the industry and in charge of ensuring financial stability in the country“. Þessi orð hafa ekki verið dregin til baka. Mun forstjórnin fyrrverandi hafa bent á að augljóslega væri nefndarmaðurinn búinn að gera upp hug sinn til grundvallaratriða. Forstjórnin gerði hins vegar alls ekki kröfu um að nefndarmaðurinn viki sæti eins og fullrytt er í fjölmiðlum að hann hafi gert!

Það „fjölmiðla-spinn“ sem fór í gang vegna þessa máls er ekki traustvekjandi. Fyrst birtist einhvers konar fréttaleki og daginn eftir skrifa fjórir hagfræðingar,

sem virðast hafa fengið sérstakar upplýsingar um málið, dagsblaðsgreinar til að túlka hæfisreglur þar sem ýmsu er snúið á hvolf.

Sérstakt hæfi snýr að því að sá sem fjallar um mál hafi ekki þau tengsl við efni máls eða málsaðila né að aðstæður séu þannig að draga megi hlutleysi í efa. Tilgangur reglnanna er á ummælum sem einn nefndarmaður leysi úr málum á hlutlægum hátt. Reynt er að koma í veg fyrir að þeir taki ákvarðanir sem eru fyrirfram líklegir til að gæta ekki hlutleysis, t.d. vegna þess að þeir hafa tjáð sig eindregið um málið sem fyrir þeim liggur eða sambærileg mál á persónulegan hátt. Tilvitnuð ummæli nefndarmannsins – ef rétt eru höfð eftir – eru augljóst dæmi um það síðastnefnda.

Hættan er sú að sá sem gefur slíkar yfirlýsingar muni, til að vernda orðspor sitt og fræðimannsheimið, hafa hagsmuni af því að niðurstaða máls verði sú sama og hann hefur áður látið í ljós. Gögn, röksemdir og huglæg matsatriði eru þá vegin og metin í ljósi eigin afstöðu en ekki á hlutlægum, faglegum og sanngjarnum hátt. Þess vegna er ekki tryggt að málefnaleg sjónarmið verði lögð til grundvallar. Á mannamáli kallast

þetta tregðan til að éta ofan í sig, sem margir kannast vafalaust við.

Umfjöllun um bankahrunið hefur oft einkennst af sleggjudómum og takmörkuðum upplýsingum. Ályktanir í frábærri skýrslu Kaarlo Jännäri, sem ráðinn var af stjórnvöldum til að gera úttekt á eftirlits- og regluverkinu, hafa lítið ratað inn í umræðuna þótt þær ættu þar heima. Menn vekja frekar á sér athygli eða skora pólitísk stig með því að reida hátt til höggs. Almennt skotleyfi virðist hafa verið gefið út á Fjármálaeftirlitið og Seðlabankann. Minna hefur verið talað um það að kreppan er alþjóðleg, hefur sett banka um víða veröld á hausinn og á sér margþættar orsakir.

Rannsókn á bankahruninu er nauðsynlegt uppgjör þjóðarinnar við þau grimmu örög sem hún glímir nú við. Til þess að eitthvað gagn verði af rannsókn þarf hún að byggjast á hlutlægu, faglegu og sanngjörnu mati á gögnum, aðstæðum og réttarreglum. Þeir sem rannsaka þurfa að vera hæfir til að sinna því mikilvæga starfi og við þurfum að skilja að það er engum greiði gerður með því að slá þar neitt af. „Sannleiksnefndin“ á síst að vera undanskilinn.


Höfundur er sjálfstætt starfandi lögmaður.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar eht

RITSTJÓRNAR: Jón Kaldal jkal@frettabladid.is og Þorsteinn Pálsson thorsteinn@frettabladid.is ADSTODARRITSTJÓRN: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafraenu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Smurþjónusta



Sparaðu, láttu smyrja bílinn hjá Max1

Innifalið 2 lítrar af Max1 rúðuvökva

Max1 verðdæmi á ódýrri smurþjónustu

Toyota Yaris	1,3	Olía, olíusía og vinna:	9.095 kr.
Nissan Almera	1,5	Olía, olíusía og vinna:	9.092 kr.
Mazda3	1,6	Olía, olíusía og vinna:	9.370 kr.
Ford Focus	1,6	Olía, olíusía og vinna:	9.688 kr.

Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel og ódýrt – skoðuðu: www.max1.is

Reykjavík, sími 515 7190: Bildshöfða 5a, Bildshöfða 8, Jafnaseli 6, Knarrarvogji 2. Akureyri, sími 462 2700: Tryggvabraut 5. Skoðuðu www.max1.is

MAX1
BÍLAVAKTIN



Gleðilegt sumar



KJÖTHÚSIÐ
Kjöttvinnsla

úr
kjötbörð

Nauta innralæri
2.395,kr./kg
verð áður 2.995,-/kg



úr
kjötbörð

KJÖTHÚSIÐ
Kjöttvinnsla

Lambafille m/fitu
2.898,kr./kg
verð áður 3.498,-/kg



Hamburgarar
4x80g m/brauði
456,kr./pk.
verð áður 548,-/pk.



Fjallalæri kryddað
1.583,kr./kg
verð áður 2.473,-/kg



KJARNAFÆÐI

Grill pylsur
799,kr./kg
verð áður 1.041,-/kg



Steiktur kjúklingur
748,kr./stk
verð áður 890,-/stk



FK Grill svínakótelettur
1.198,kr./kg
verð áður 2.098,-/kg



Original 21
568,kr.

Appelsínusafi eða Ávaxtasafi



Caj P. Grillolía
500ml
520,kr.

Caj P. BBQ hunang
250ml
284,kr.



B.K.I. Classic 500g
549,kr.
B.K.I. Extra 400g - 439,kr



Haribo BBQ Chamallows
300g
479,kr.



Caramel Wafer dark
298,kr.



Sun Lolly - Cola
398,kr.



Biotta Gulrótarsafi
500ml
348,kr.

Biotta Granateplasafi
500ml
546,kr.

Nú er sumar í Fjarðarkaupum

Fylltu út þáttökuseðil þegar þú verstar og þú gætir unnið veglega vinninga. Dregið verður úr þáttökuseðlum vikulega á Rás 2. Vinningar frá Ellingsen, Hjólasprett, ÓB, Fjörukránni og Fjarðarkaupum.



Tilboð gilda til laugardagsins 13. júní

FK

FJARÐARKAUP

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimtugada 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudag



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Fríða Emma Eðvarðsdóttir

Þorsteinsstöðum, Lýtingsstaðahreppi, síðast til heimilis á Dvalarheimili aldraðra á Sauðárkróki, lést laugardaginn 30. maí.

Útför hennar fer fram frá Mælifellskirkju laugardaginn 13. júní kl. 14.00.

Berta Margrét Finnbogadóttir

Böðvar Hreinn Finnbogason

Stefanía Fjóra Finnbogadóttir

Violet Elizabeth Wilson

barnabörn og barnabarnabörn.

Guðbjörg Guðmannsdóttir

Guðmundur Magnússon

David Wilson



Systir mín,

Halldóra Jóhannesdóttir

Laugavegi 98, Reykjavík,

sem lést 29. maí sl. verður jarðsöngin frá Fossvogskapelli mánudaginn 15. júní kl. 15.00.

Ragnhildur Richter



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jón P. Andrésson,

lést aðfaranótt miðvikudagsins 10. júní sl. á Hjúkrunarheimilinu Eir, Reykjavík. Útför verður frá Eskifjarðarkirkju fimmtudaginn 18. júní kl. 14.00.

f.h. aðstandenda,

Egill Guðni Jónsson

Vilhelm Jónsson

Jóhann Jónsson

Jónas A. P. Jónsson

Guðný P. Jónsdóttir

börn og barnabörn.

Hulda Þorbjarnardóttir

Bjarney A. Pálsdóttir

Svanhildur Jónsdóttir

Gisli M. Auðbergsson



Elskulegur frændi okkar,

Hákon Árnason,

Dvalarheimilinu Barmahlíð, Reykhólum,

sem lést 6. júní, verður jarðsöngin frá Reykhólakirkju laugardaginn 20. júní kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnst hans er bent á minningarsjóð Dvalarheimilisins Barmahlíðar, Reykhólum. Reikningsnúmer: 1118-05-310241. Kt. 670483-0379.

Fyrir hönd aðstandenda, systkinin frá Kambi.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Reinhardt Ágúst Reinhardtsson

fyrirverandi leikssviðsstjóri, Grenibýggð 27, Mosfellsbæ,

lést á heimili sínu þann 7. júní. Jarðarför auglýst síðar.

Sigrún Linda Kvaran

Halldór Reinhardtsson

Linda Björk Kvaran

Kolbrún Kvaran

barnabörn og barnabarnabörn.

Þórunn Andrésdóttir

Höskuldur Björnsson

Tómas Þráinsson

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar sendist á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.

GEORGE H. W. BUSH
ER 85 ÁRA Í DAG

„Ég hef mínar eigin skoðanir, mjög sterkar skoðanir, en ég er ekki alltaf samála þeim.“

Bush var 41. forseti Bandaríkjanna en hann gegndi embættinu fyrir repúblikana frá árinu 1989 til 1993. Þá var hann varforseti Bandaríkjanna í forsetatið Ronalds Reagan. Hann er faðir George W. Bush sem lét af embætti forseta Bandaríkjanna fyrir á þessu ári.



PETTA GERÐIST: 12. JÚNÍ ÁRIÐ 1964

Mandela í lífstíðarfangelsi

Pennan dag árið 1964 var Nelson Rolihlahla Mandela dæmdur í lífstíðarfangelsi. Hann hóf afskipti af stjórnmálum árið 1948 þegar Þjóðarflokkurinn í Suður-Afríku sigraði í kosningunum þar í landi en flokkurinn studdi aðskilnaðarstefnuna.

Mandela hóf að vinna með Afríska Þjóðarráðinu gegn aðskilnaðarstefnunni og árið 1961 varð hann leiðtogi Umkhonto we Sizwe, hins vopnaða hluta Afríska Þjóðarráðsins. Í fyrstu hafði hann einsett sér að beita aldrei ofbeldi en síðar skipulagði hann ásamt öðrum mótspyrnu og andóf, sem fólst meðal annars í skemmd-



arverkum sem hann beindi gegn hernum og stjórnvöldum.

Eftir að hafa verið á flótta í sautján mánuði var Mandela handtekinn og dæmdur í lífstíðarfangelsi. Hann þurfti að dúsa í litlum fangaklefa á Robben-eyju í 27 ár.

Þegar honum hafði verið sleppt úr fangelsi, hinn 11. febrúar árið 1990, fór Mandela fyrir Afríska Þjóðarráðinu í samningaviðræðum um lýðræðislegar kosningar 27. apríl 1994. Að þeim loknum tók Mandela við forsetaembættinu af Frederik Willem de Klerk og varð þar með fyrsti lýðræðislega kjörni forseti Suður-Afríku. Hann gegndi því embætti í fimm ár.

tímamót

timamot@frettabladid.is

Sólveigu má sjá í öftustu röð með fjólublátt hár. Hún er bæði höfundur og leikstjóri verksins auk þess sem hún samdi lokalagið í sýningunni. Útsetningu annaðist Einar Bragi Bragason, tónlistarstjóri sýningarinnar.

MYND/ÚR EINKASAFNI



MYND/ÚR EINKASAFNI

SÓLVEIG BERGLAND FJÓLMUNDSDÓTTIR: FRUMSÝNIR NÝTT BARNALEIKRIT

Töfratónar úr ævintýrakistu

Á Sauðárkróki hefur spennandi ævintýri verið í gerjun og kemur afrakstur þess von bráðar fyrir augu almennings, en þá verður söng- og leiksýningin Töfratónar ævintýrakistunnar frumsýnd í íþróttahúsi bæjarins. Höfundurinn er Sólveig Bergland Fjólmundsdóttir sem að öllu jöfnu starfar hjá Vinnueftirliti ríkisins á Sauðárkróki. Hún hlaut styrk frá Menningarráði Norðurlands vestra til að koma hugmynd sem kviknaði í kollinum á henni í framkvæmd.

„Sýningin byggist á tónlist úr teiknimyndum, leikritum og söngleikjum. Aðal sögupersónan er prakkarinn og tónlistarálfurinn Lykill. Hann býr í skógi í álfheimum og á gríðarstóra kistu sem hefur að geyma tónlist sem hann hefur safnað frá vinum sínum

úr ævintýraheimum. Upp úr kistunni dregur hann hinar ýmsu sögupersónur sem flytja töfrandi tónlist. Meðal þeirra má nefna Línu Langsokk, Andann úr Aladin og félagana úr Óliver Twist. Í gegnum alla sýninguna er móðir Lykils að leita að honum en hann hefur óhlýðnast henni og er í felum. Líðan hans hefur mikið að segja um það hvað kemur upp úr kistunni hverju sinni.“ lýsir Sólveig.

Öll lögín í sýningunni eru sungin á íslensku en flytjendur eru á öllum aldri. Einn þeirra er Hreindís Ylfa Gardarsdóttir sem tók þátt í undankeppni Eurovision á síðasta ári en hún og amma hennar Erla Gígja Þorvaldsdóttir, sem samdi Eurovisionlagið, hafa veitt Sólveigu hjálparhönd ásamt öðrum. „Ég er með sex leikara úr Reykjavík og

hefur Hreindís leikstýrt þeim.“ Sólveig segir sig ekki hafa óráð fyrir því hversu mikið fyrirtæki það er að koma sýningu sem þessari á fót. „Það er því miður ekki til áfangi sem heitir „sött um leyfi 101“,“ segir hún og hlær. „Ég er þó reyngslunni ríkar og hef fullan hug á því að taka upp á einhverju svona aftur.“ Sólveig segist hafa fengið afskaplega góð viðbrögð við sýningunni enda kærkomin viðbót við afþreyingu á landsbyggðinni. Sem stendur er bara ein sýning fyrirhuguð en ef vel gengur segir Sólveig það vel koma til greina að sýna oft og jafnvel í öðrum bæjarfélögum. Sýningin í íþróttahúsinu fer fram klukkan 17 hinn 17. júní næstkomandi og er hægt að kaupa miða við innganginn og í síma 862-2770.

vera@frettabladid.is



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, og langamma,

Sigríður Þórlaug Elsa Björg Sveinsdóttir

frá Bakka, Borgarfirði eystri, fyrrum húsfreyja í Leyningi Eyjafjarðarsveit, Mýrarvegi 111, Akureyri,

sem lést að morgni 9. júní, verður jarðsöngin föstudaginn 19. júní kl. 13.30 frá Akureyrarkirkju.

Áslaug Kristjánsdóttir

Petra Benedikta Kristjánsdóttir

Haukur Kristjánsson

Erlingur Örn Kristjánsson

Vilhjálmur Geir Kristjánsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Gunnar Frimannsson

Gisli Bogi Jóhannesson

Hildur Hafstað

Pollý Rósa Brynjólfssdóttir



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Stefán Stefánsson,

fyrirverandi bæjarverkfræðingur á Akureyri, Skálatúni 11, Akureyri (áður Barðstúni 1),

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, sunnudaginn 7. júní. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju, þriðjudaginn 16. júní kl. 13.30. Jarðsett verður á Möðruvöllum í Hörgárdal.

Jóhanna Stefánsdóttir

Stefán Stefánsson

Davíð Stefánsson

Þóra Ragnheiður Stefánsdóttir

og barnabörn.

Þórhalla L. Guðmundsdóttir

Olga Kashapova

Erling R. Erlingsson

HANNYRÐASÝNING Katrínar Jóhannesdóttur opnar í Safnahúsi Borgarfjarðar í dag klukkan 16. Sýningin er opin alla virka daga frá 13 til 18 og stendur til 31. júlí. Sýninguna hefur Katrín ákveðið að tileinka ömmu sinni, Hólmfríði Jóhannesdóttur, sem lést 6. janúar síðastliðinn.



ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447



*Gjafabréf Perlunnar
Góð tækiferisgjöf!*

Nýr A la Carte

REYKT ÖND

með blönduðu salati, valhnetum og fíkjublöndu

Við mælum með Pinot Gris, Pully Fumé eða Pouilly Fuisse með þessum rétti.

4ra rétta tilboðsseðill

Verð aðeins 6.890 kr.

með 4 glösom af sérvöldum vínnum aðeins 10.490 kr.



Veitingahúsið Perlan - Sími 562 0200 - Fax 562 0207
Netfang perlan@perlan.is - Heimasiða www.perlan.is



Elín Helga Egilsdóttir miðlar sniðugum hugmyndum að uppskriftum á www.ellahelga.blog.is.

Tilraunir í eldhúsinu

Elínu Helgu Egilsdóttur finnst gaman að prófa sig áfram í eldhúsinu og finna upp nýjar uppskriftir. Hún gefur lesendum Fréttablaðsins eina af sínum fljótlegu og einföldu tilraunauppskriftum.

„Ég bjó til ávaxtasalat með kjúklingi sem er ótrúlega ferskt og fljótlegt að gera,“ útskýrir Elín Helga Egilsdóttir, tölvunarfræðingur og tilraunakokkur. Hún segir að ávaxtasalatíð sé hollt og einfalt í gerð. „Þetta er líka sniðugt salat vegna þess að mangóið bragðast vel með melónunni og kjúklingnum. Brakið í hnetunum og selleríinu gerir átvaglið hamingjusamt og dressingin er punkturinn yfir i-ð.“

Elínu Helgu finnst gaman að prófa sig áfram í eldhúsinu. Hún byrjaði að hreyfa sig af kappi rétt fyrir júl og ákvað að taka mataræðið í gegn í leiðinni. „Eftir að ég byrjaði að hreyfa mig kviknaði matreiðsluhuginn. Ég er alltaf að leita að heimasíðum með uppskriftum að réttum sem eru hollir, fjölbreyttir og skemmtilegt að borða.“

„Ég umgengst fólk sem er alltaf í eldhúsinu. Ég hafði samt aldrei haft tilfinningu fyrir eldamennsku sjálf, þar til ég fór að prófa og leika mér í eldhúsinu og þá varð svo gaman að

ÁVAXTASALAT MEÐ KJÚKLINGI

Hollt og fljótlegt **FYRIR 2**

2 skinnlausar kjúklinga-bringur, u.þ.b. 230 g
1 bolli skorið mangó, vel þroskað
1 bolli skorin hunangsmelóna
1 stilkur smátt skorið sellerí
Nokkrir kirsuberjatömatar, skornir til helminga
Muldar kasjúhnetur

Kjúklingurinn, ávextirinn og grænmetið er sett í skál og blandað saman.



Dressing
1/3 bolli jógúrt. Létt jógúrt eða létt AB-mjólk

1 1/2 tsk. hunang
1/2 tsk. Dijon sinnep
Safi úr lime
1 tsk. þurrkuð Cilantro-lauf

Hráefnunum er hrært saman og hellt yfir salatið.

Hægt er að setja salatið á hrökkbrauð, sem fyllingu í pítu, á samloku eða borða það eitt og sér.

elda,“ segir Elín Helga sem ákvað eftir að hún steig inn í sitt eigið tilraunaeldhús að stofna uppskriftablogg á Netinu. „Með blogginu held

ég utan um uppskriftir sem mér finnst góðar og reyni líka að koma sniðugum hugmyndum til fólks.“

martaf@frettabladid.is

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

Við drögum á föstudögum í allt sumar í morgunþætti Ívars Guðmundssonar á Bylgjunni

15.000 kr. matarkarfa frá Bónus, 3 mánaða kort í World Class, 10.000 kr. bensín úttekt frá Olís, gos frá Ölgerðinni, Tempur heilsukodda frá Betra bak, frítt í Laugarásbíó í allt sumar og frítt frelsi frá Tal í allt sumar.

Sumarleiður NINGS

SUÐURLANDSBRAUT 6, HLÍÐASMÁRA 12 OG STÓRHÖFÐA 17 • SÍMI: 588 9899



Sumartilboð

Djúpsteiktar ræjur með súrsætri sósu
Heimalagaðar vorrúllur með grænmeti
Kjúklingur og grænmeti með pandasósu
Stökkt svínakjöt „Thai Sesam“
ásamt hrísgrjónum og soya.

krónur **2790** fyrir tvo
krónur **1395** á mann

ATH! SUMARTILBOD ER EINGÖNGU AFGREITT FYRIR 2 EÐA FLEIRI

Íris Arna Geirsdóttir
Íslandsmeistari í
Model fitness
elskar heilsurétti
Nings

NINGS

HÆLGIN

LORD WILLIAM WALLACE, þingmaður lávarðadeildar breska þingsins, heldur fyrirlestur í stofu 101 í Odda undir yfirskriftinni „Europe from the Atlantic to the Black Sea: How does Iceland fit in?“ Fyrirlesturinn hefst klukkan 12 og stendur til klukkan 13.30. www.hi.is/ams



Ekki gera ekkert við stafrænu myndirnar!
Láttu framkalla myndirnar þínar.



200 myndir á 5.400 kr.

myndval net)
framköllun
www.myndval.is
Þönglabakki 4 - sími 557 4070



Guðrún María er hér í sveiflu með dansfélagi sínum Hrafnkeli Pálssyni en þau ætla að skella sér á sumarnámskeið Háskóladansins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÞESSI ER MEÐ TUDOR



Mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja mælum • skiptum um • traust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla



SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
Bíldshöfða 12 · 110 RVK · 577 1515 · skorri.is
opið virka daga frá 8:15 - 17:30

TUDOR
fæst í Sólningu Kópavogi, Njarðvík og Selfossi og Barðanum Skútuvegum

Háskóladans fyrir alla

Sumarnámskeið í dansi á vegum Háskóladansins verður haldið dagana 12. til 18. júní og er opið öllum sem áhuga hafa. Þar munu reyndir og færir danskennarar frá Noregi kenna fjölbreytt dansspor.

„Sumarnámskeiðin hefjast í dag og standa yfir í viku,“ segir Guðrún María Jónsdóttir, læknanemi og dansari. „Við í Háskóladansinum erum að fara inn í okkar þriðja starfsár en þetta er í annað sinn sem við erum með svona stór sumarnámskeið en þau voru fyrst haldin í fyrra,“ segir hún en nokkrir íslenskir dansarar stofnuðu samtökin fyrir háskólanema.

Danskennararnir á sumarnámskeiðinu koma frá Noregi og kenna átta gerðir af dönsunum. „Gaman er að fá svona góða dansara til okkar en sem dæmi má nefna að eitt dansparið er núverandi heimsmeistarar í Boogie Woogie sem er swingdans skyldur Lindy Hop. Þetta eru alls konar dansar sem kenndir eru,“ segir Guðrún María áhugasöm.

Um 200 virkir dansarar eru félagar í Háskóladansinum en vonir standa til að félagið haldi áfram að vaxa og dafna. „Við erum með byrjendanámskeið á hverju hausti og framhaldsnámskeið bæði á haustin og vorin þannig fólk getur haldið áfram

að læra. En við byrjum á byrjuninni þannig að ef þú þekkir muninn á hægri og vinstri þá geturðu verið með,“ segir Guðrún María og brosir.

Danstímarnir hafa verið í íþróttahúsi Háskóla Íslands en einnig hefur verið dansað í Listdansskólanum við Engjateig og í Laugardalshöll. „Þetta eru orðnir svo margir tímar hjá okkur að íþróttahúsið dugar ekki lengur. Sumarnámskeiðið er opið öllum Háskóladansinum er annars einkum ætlaður háskólanemum,“ útskýrir Guðrún María.

Allt námskeiðið kostar 12.000 krónur en pardansar eru á 10.000 krónur. Einstaklingsdansar eru síðan á 7.000 krónur og stök dansgrein á 5.000 krónur. „Þetta er kjörið tækifæri til að byrja í Háskóladansinum og þar sem 17. júní er frídagur þá kennum við allan daginn. Á veturna erum við með fasta tíma sem og stutt helgarnámskeið og danskvöld tvisvar í viku, bæði swing og salsa. Danskvöldin halda áfram í sumar en þau eru ókeypis,“ segir Guðrún

María og bætir við að verðið á sumarnámskeiðunum sé mjög hóflegt. „Önnin í Háskóladansinum, þar sem þú hefur aðgang að öllum dönsunum, kostar 5.000 krónur og við danskennararnir vinnum allt í sjálfbodavinnu. Öll fjárútlát fara í að byggja upp samtökin og greiða húsaleigu, flugmiða erlendra leiðbeinenda og annað slíkt,“ segir hún.

Í lok maí var lokahóf og ball í Iðnó þar sem sýndir voru dansar en að sögn Guðrúnar Maríu er alltaf mikið fjör hjá Háskóladansinum. „Engin sérstök sýning verður að loknu sumarnámskeiði en við sýndum í Kringlunni í gær og sýnum aftur í dag klukkan 15.30 en þá verða heimsmeistararnir í Boogie Woogie með okkur. Annars má finna allar nánari upplýsingar á www.haskoladansinn.is og þar er líka hægt að skrá sig,“ segir hún og hvetur fólk til að taka þátt. „Fólk getur bara komið á námskeiðin inn af götunni, ekki er nauðsynlegt að hafa verið í Háskóladansinum áður.“

hrefna@frettabladid.is



-15% afsláttur
af sumardekkjum
og jeppadekkjum!

BÍLKÓ

ATH. OPIÐ Á LAUGARD. KL. 10-14

Þjónustumiðstöð bílsins | Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 12. júní 2009

ÚTSKRIFUÐ ÚR SAMA SKÓLA OG JAMES BOND

María Dalberg lauk nýlega ströngu leiklistarnámi í London og þreytir nú frumraun sína í Loftkastalanum.

✱ SETUR UPP BOLLYWOOD- SÝNINGU

Yesmine Olsson setur upp eigin sýningu í Turninum í Kópavogi.

✱ SELDI SKÓ Á 160 ÞÚSUND Á UPPBOÐI

Marta Rúnarsdóttir, skóhönnuður í London, lætur gott af sér leiða.

✱ BRÚNKA MEÐ OG ÁN SÓLAR

Brúnkukrem og sólarvörn eru ómissandi í sumarfríinu.

ALLT Í FERÐALAGIÐ OG BÚSTAÐINN

**SJÓNVÖRP - FERÐATÆKI - MP3 SPILARAR
MYNDAVÉLAR - TÖKUVÉLAR - MINNISKORT**



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk
MINNISKORT
ALLAR GERÐIR



MIKIÐ ÚRVAL AF SJÓNVÖRPUM
MEÐ INNBYGGÐUM DVD

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hjómjón, Akranesi, Hagkaup, Borgarnesi, Samkaup, Borgarnesi, Blómsturvellir, Hellissandi, Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi, Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík, KF V-Húsvetninga, Hvammstanga, Krákur, Blönduósi, Skagfirðingabúð, Sauðárkrúki, Hagkaup, Akureyri, Heimilistæki, Akureyri, Öryggi, Húsvík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum, Kaupþón, Vopnafirði, Samkaup, Seyðisfirði, Spærkaup, Fáskrúðsfirði, Marólvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hella, Fosswaf, Selfossi, Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík, Hagkaup, Njarðvík.

núna

* vel upplýst

SÖLVI TRYGGVASON FJÖLMIÐLAMADUR

„Dagurinn í dag fer væntanlega í verkefni sem tengjast Velferðarsjóði barna, sem ég er að vinna fyrir. Á morgun vona ég að veðrið verði gott svo maður geti kíkt í sund og góðan göngutúr, en um kvöldið er svo planið að nýta gjafabréf á veitingastaðinn Argentínu. Þar ætlum við Silvía, kærastan mín, að fá okkur steik og rauðvín og skála fyrir íslenska sumrinu.“



helgín
MIN



SSSÓL á Officeraklúbbinn

Einar Bárðarson, umboðsmaður Íslands og staðarhaldari á Officeraklúbbnum, hefur blásið til risadansleiks um helgina með SSSÓL, en Einar steig einmitt sín fyrstu skref í bransanum árið 1995 þegar hann tók að sér umboðsmál fyrir hljómsveitina. Helgi Björnsson og Einar hafa ekki tekið höndum saman í prómóteringu síðan en Einar kallaði veru sína í búðum SSSÓL „Rokkskóla Helga Björnssonar“ í bókinni sinni Öll trix-in í bókinni sem kom út fyrir tveimur árum. Það má því vænta mikilla láta þegar lærlingurinn og lærifaðirinn taka höndum saman á nýjan leik, en búið er að manna rútur sem keyra á ballið frá Reykjavík klukkan 23 frá BSÍ svo eitthvað sé nefnt.

þetta
HELST

Þriðja kynslóð Kleppara

Afkomendur Þórðar Sveinssonar, fyrrum yfirlæknis á Kleppi og Ellenar Johanne Kaaber efna til partíís við Hafravatn 29. ágúst næstkomandi, en þar mun þriðja kynslóð Kleppara hittast til að spjalla og kynna. Afkomendur Þórðar og



Ellenar eru margir hverjir landsþekktir, en þar á meðal eru Tinna Hrafnadóttir leikkona, Ólafur Egill Egilsson leikari, Gunnlaugur Egilsson ballettdansari og Ísold Ugga-dóttir kvikmyndagerðarkona.

Halda fatamarkað

Steed Lord-parið Svala Björgvinsdóttir og Einar Egilsson ætlar að halda sameiginlegan fatamarkað í Kola-portinu á morgun. Markaðurinn verður ekki síður fyrir stráka en stelpur sem vilja gera kjarakaup, en til sölu verður allt frá sölgleraugum og skarti upp í kjóla, jakka og samfestinga.



Hljómsveitir safna pening

Hljómsveitirnar Benny Crespo's Gang og Bloodgroup halda til Kanada seinna í mánuðinum og koma fram á tónlistarhátíðinni North by North East. Þar sem gengi krónunnar hefur aldrei verið óhagstæðara ætla hljómsveitirnar að slá upp sérstökum fjárfundartónleikum á Grand Rokk annað kvöld klukkan 21 og mun allur aðgangseyrir renna í ferðasjóð hljómsveitanna. Ásamt þeim koma fram hljómsveitirnar Agent Fresco og Sykur.

Yesmine Olsson undirbýr eigin sýningu í Turninum í Kópavogi:

Setur upp ævintýralega BOLLYWOODSÝNINGU

Ég fékk þess hugmynd þegar ég var stödd á Indlandi og var að skrifa aðra matreiðslubókina mína, Framandi og freistandi, Indversk og arabísk matreiðsla,“ segir Yesmine Olsson, danshöfundur og einkaþjálfari í World Class, um Bollywood-sýningu sem hún undirbýr um þessar mundir. Sýningarnar hefja göngu sína í haust í Turninum í Kópavogi og þar mun Yesmine bæði dansa og syngja. Boðið verður upp á sérstakan matseðil með indversku og arabísku ívafi á meðan Yesmine stígur á svið, en til liðs við sig hefur hún fengið hóp dansara og Jógvan Hansen söngvara.

„Ég hef verið heilluð af Bollywood-dansi í mörg ár. Árið 2003 fór ég í einkatíma í Kaupmannahöfn og fór síðar að kenna svokallað Bollywood-funk. Ég og Addi Fannar, eiginmaður minn, höfum bæði svo gaman af svona indverskri tónlist og mat að í brúðkaupinu okkar dönsuðum við brúðarvals sem breyttist svo yfir í Bollywood-dans, með þátttöku tíu gesta sem við höfðum fengið til að æfa með okkur. Þeir tíndust einn af öðrum út á dansgólfið og þetta varð að lítilli Bollywood-sýningu sem sló í gegn í veislunni,“ segir Yesmine og brosir.

„Sýningin í Turninum verður mjög ævintýraleg. Við Jógvan munum syngja á indversku og ensku með hópi dansara sem mun sýna dans úr nokkrum vinsælum Bollywood-myndum. Það



Glæsileg Yesmine Olsson mun syngja og dansa í nýrri Bollywood-sýningu í Turninum í haust, klædd glæsilegum indverskum fatnaði.

eru til margir mismunandi stílar, en ég valdi að blanda saman hefðbundnum Bollywood-dansi og öðrum danstegundum,“ útskýrir Yesmine og segir nýtt lag í tengslum við sýninguna vera í vinnslu og verða frumflutt í ágúst.

„Þegar ég var að elda hollan indverskan mat í Turninum í janúar

kynntist ég Stefáni Inga Svanssoni og Sigurði Gíslasyni matreiðslumeistara og við ákváðum að setja upp svona sýningu með mat, dansi og söng. Stuttu síðar var mér svo boðið að þjálfa og leiðbeina Jóhönnu fyrir Eurovision, svo ég ákvað að fresta sýningunni fram á haustið,“ segir Yes-

mine sem var leikstjóri íslenska Eurovisionhópsins í Moskvu. „Ég vann mjög vel með fólkinu sem kom að Eurovisionatriðinu og hef því fengið mörg af þeim til liðs við mig í Bollywood-sýningunni. Fyrsta sýningin er áætluð 25. september og fólk getur nú þegar pantað sæti í Turninum.“

Marta Rúnarsdóttir skóhönnuður í London:

Seldi skó á 160 þúsund

„Kona sem ég þekki spurði hvort ég vildi gefa eitthvað á uppboðið og það endaði svona óskaplega vel,“ segir Marta Rúnarsdóttir skóhönnuður. Marta gaf nýverið sérhannaða skó á góðgerðarsamkomu The Silver lining í Surrey í Bretlandi til styrktar einstaklingum sem hafa hlotið heilaskaða. Hæstbjóðandi var skipakóngurinn Jim Hayer, en hann greiddi hvorki meira né minna en 160 þúsund krónur fyrir skóna sem Azra Hayer eiginkona hans hlýtur.

„Þetta var kallað „A day with the designer,“ svo Azra Hayer kemur til mín í nokkrar klukkustundir og ég hanna á hana skó sem verða búnir til sérstaklega fyrir hana,“ útskýrir Marta sem á og rekur skóhönnunarfyrtækið Logo69 í London ásamt eiginmanni sínum. Marta hanna skó fyrir verslunarkeðjur á borð við Topshop, River Island og Faith, er með tvær skóverslanir í Danmörku og í næsta mánuði opnar hún nýja verslun í Westfield-verslunarmiðstöðinni í London. „Verslunarmiðstöðin er ekki langt frá Notting Hill og er sú stærsta og flottasta í allri Evrópu,“ segir Marta sem hefur verið búsett í Bretlandi síðastliðin 15 ár og kann vel við sig. „Ég er ekkert á heimleið, nema rétt að kíkja í heimsókn þegar veðrið er gott á sumrin,“ bætir hún við og brosir.

- ag



Hæstbjóðandi Marta ásamt skipakónginum Jim Hayer og eiginkonu hans, Azra Hayer, en Jim keypti sérhannaða skó af Mörtu á 160 þúsund krónur.

* augnablikið



ÓVENJULEG HÁRGREIÐSLA

Það ráku margir upp stór augu þegar leikkonan Megan Fox mætti á MTV-kvikmyndaverðlaunahátíðina með sitt hárið vatnsgreitt aftur.

Fiji hönnun í hæsta gæðaflokki

Borð, tveir stólar og bekkur var 99.900,-
nú **59.940,-**

Fitji húsgögn

40%
afsláttur

INSPIRATION
PIER
GARDINER



LUKT litil gul
1.490,-



LUKT litil græn
1.490,-



LUKT þrjár stærðir
lítill **6.900,-**
mið **8.990,-**
stór **12.990,-**



LUKT Stál
4.990,-



LUKT
Morokko 60 cm
4.990,-



LUKT til í tveimur stærðum
30 cm **2.990,-**
55 cm **4.990,-**



KINDLAR
490,-



NESTISKARFA
4.990,-



OLÍLUKT
1.190,-



KERTAGLAS
490,-



KERTASTJAKAR blóm
290,-



LEIKSTJÓRASTÓLL
7.990,-



BLÓM minna
590,-



STÓLL
7.990,-



BLÓM STÆRRA
990,-



MÓSAÍKBORÐ
16.900,-

the
PIER

Gerum garðinn klárann
fyrir 17. Júní!

KOMIN HEIM ÚR **HERAGA Í LO**

María Dalberg, 31 árs, er annar Íslendingurinn sem útskrifast úr leiklist frá Drama Centre London leiklistarskólanum. Í viðtali við Föstudag segir hún frá skólagöngunni, framtíðardraumunum og sínu fyrsta hlutverki hér á landi eftir útskrift, í söngleiknum Grease.

Viðtal: Alma Guðmundsdóttir
Ljósmyndir: Stefán Karlsson

Þegar ég var lítil notaði ég hvert tækifæri til að setja upp leikrit í fjölskylduboðum ásamt frændsystkinum mínum, sem vakti mikla lukku ömmu, afa og foreldrana," segir María spurð hvenær leiklistarbakterían hafi fyrst gert vart við sig. „Ég er fædd í Árósum í Danmörku og bjó þar til sex ára aldurs. Mamma starfaði þar sem hjúkrunarfræðingur og pabbi nam læknisfræði, en þegar hann lauk náminu fluttum við heim og ég byrjaði í grunnskóla, Mýrarhúsaskóla svo Valhúsaskóla. Þar tók ég þátt í mörgum leikritum, en eftir grunnskóla lá leiðin í MR þar sem ég var með í Herranótt og fór svo bæði í Götu- og Stúdentaleikhúsið," segir María sem sótti um í Drama Centre London leiklistarskólanum árið 2005.

„Ég hafði heyrt mikið gott um þennan skóla og langaði mest af öllu að komast þar inn, en það sóttu 2.000 manns um inngöngu og aðeins 29 nemendur voru teknir inn í skólann, tuttugu strákar og níu stelpur. Það var því hörku baráttu, sérstaklega fyrir stelpurnar þar sem tveir þriðju eru strákar, en ástæðuna fyrir því segja þeir vera að það séu hreinlega fleiri hlutverk skrifuð fyrir stráka en stelpur. Ég þurfti að fara í gegnum margar síur áður en ég fór í lokaprufuna og það var mikill spenninngur þegar ég fékk svo loks bréfið um að ég hefði komist inn. Ég man bara eftir að hafa hoppað og óskrað af gleði," rifjar hún upp og brosir.

ALGJÖR HERAGI

María er annar íslenski leikarinn sem kemst inn í Drama Cent-



Efnileg „Það var mikill spenninngur þegar ég fékk svo loks bréfið um að ég hefði komist inn í skólann. Ég man bara eftir að hafa hoppað og óskrað af gleði," segir María brosandí.

re London á eftir Steinunni Ólínú Þorsteinsdóttur. Skólinn er einn af fimm stærstu og virtustu leiklistarskólunum í London og margir heimsfrægir leikarar hafa lært við skólann, svo sem James Bond leikarinn Pierce Brosnan, hjartaknúsarinn úr Bridget's Jones's Diary,

Colin Firth og Paul Bettany sem lék illmennið í The Da Vinci Code og í Dogville eftir Lars Von Trier.

„Við nemendurnir vorum ekki teknir neinum vettlingatökum. Það var alger heragi í skólanum og harkan sex frá fyrsta degi. Dagarnir voru langir, alltaf tólf klukkustund-

ir fimm daga vikunnar með þrek-tímum, ballett-, söng- og margvíslegum leiklistartímum og æfingum fyrir leiksýningar á kvöldin. Ég vaknaði eldsnemma á morgnana, ferðaðist í klukkutíma í skólann og á kvöldin fór ég beint í háttinn til að hlaða batteríin fyrir næsta dag.

Maður átti því hreinlega heima í skólanum þessi þrjú ár og lærði að vinna undir miklu álagi," útskýrir María og segir það mikil forréttindi að fá að læra leiklist erlendis. „London er mekka leiklistarinnar, þar sem maður getur farið í leikhús og séð allt frá spennandi Off West End nútíma leikverkum til söngleikja á West End. Bestu leiksýningarnar eru oft í minni leikhúsum í borginni og ég hef séð magnaðar leiksýningar með kannski bara tveimur leikurum á sviðinu í litlu rými og verið algerlega uppnumin," segir hún.

„Mér fannst líka mjög lærdómsríkt að kynnast nýjum menningarheimi og fólkinu í skólanum mínum sem kom víðs vegar að úr heiminum. Krakkarnir voru allir mjög forvitnir og áhugasamir um Ísland, þá aðallega um náttúruna og Björk og kölluðu mig oft „The Viking Woman“ þar sem ég var eini Skandinávinna í hópnunum," segir María og brosir.

„Á lokaárinu í skólanum sýndum við þrjú leikrit í atvinnuleikhúsi í miðborg London. Þar var almenninngi boðið að berja okkur augum, en skólinn sá um að bjóða leikstjórum, umboðsmönnum og „casting directorum“ á sýningarnar. Við vonuðust náttúrulega öll eftir því að fá umboðsmann eftir sýningarnar, en það voru alls ekki allir sem fengu samning," segir María sem var ein af þeim heppnu sem bauðst samningur við umboðsskrifstofu.

„Það skiptir miklu máli að fá umboðsmann í London sem útvegar áheyrnaprufur og sér til þess að maður komist í samband við fólk í faginu, því markaðurinn í Bretlandi er svo gríðarlega stór. Fljótlega eftir útskrift fékk ég hlutverk í leiksýningu í Soho Theatre og hef einnig leikið í nokkrum stuttmyndum og talað inn á heimildarmynd," segir María.

SYNGUR OG SPILAR Á SÖG

María er margt til lista lagt því fyrir utan leiklistina hefur hún mikinn áhuga á tónlist og byrjaði að læra á fiðlu þegar hún var sjö ára gömul. „Ég hef alltaf haft mikla ástríðu fyrir tónlist og lauk sex stigum á fiðlu. Það hefur komið að góðum notum í leikhúsinu og fiðlan var nánast með í öllum sýningum sem að ég tók þátt í í Drama Centre. Þar var líka mikil áhersla lögð á söng, sem ég hef mjög gaman af og ég hef haldið áfram að sækja söng-

Full búð af spilum & púsluspilum

Afmælisgjafir fyrir alla aldurshópa!


Sendum í póströfu! Skoðuðu úrvalið og pantaðu á vefnum: www.spilavinir.is.

Spilavinir
Langholtiavegi 126 - Sími 553 3450



Ný sending

* bak við tjöldin



Stjörnumerki: Steingeit.

Uppáhaldstími dagsins? Morgunninn.

Diskurinn í spilaranum: Bonnie „Prince“ Billie - The Letting Go.



Uppáhaldsmatur? Indverskur og sushi.

Mesta freistingin? Súkkulaði.

Mesta dekríð: Nudd og nálastungur.

Ég lít mest upp til: Listamanna sem fóru erfiðu leiðina.

Draumafríið: Mánaðarferð um Austurlönd með köfun í Bali.

Líkamsræktin: Sund og jóga.

Hverju myndirðu sleppa til að spara? Bíl.



NDON

tíma eftir að ég útskrifaðist," segir María sem hefur einnig lært á svokallaða músíksög.

„Áður en ég fór út lék ég í Swee-ey Todd með Stúdentaléikhúsinu hér heima. Ég var líka tónlistarstjóri í sýningunni og var því að leita að tónlist sem myndi passa vel við leikritið, þegar ég sá fyrir algjöra tilviljun gamlan blindan mann spila á sög. Mér fannst það svo fallegt að ég gaf mig á tal við manninn sem sagðist vera til í að kenna mér að spila. Ég heimsótti hann á elliheimilið skömmu síðar og hann kenndi mér grunntækniatriðin. Það gekk bara mjög vel og þá kom sér vel að hafa lært á fiðluna. Ég keypti mér svo þessa fínu músíksög sem ég spilaði á í leikritinu og vakti mikla lukku meðal áhorfenda," segir María brosandi.

Í GREASE

„Ég var heima í vikufrii í mars þegar ég heyrði af prufunum í Grease og ákvað að skella mér í þær. Ég var síðasti leikarinn sem Selma Björnsdóttir leikstjóri sýningarinnar prufaði, en hún hringdi í mig daginn eftir og bauð mér hlutverk," segir María sem fer með hlutverk Frenchy í Grease sem var frumsýnt í Loftkastalanum í gærkvöldi. „Frenchy er ein af bleiku píunum. Hún er mjög skemmtileg persóna sem dreymir um að verða snyrtifræðingur, en það gengur ekki allt of vel hjá henni," segir hún og kímir. „Þetta er fyrsta hlutverkið mitt á Íslandi eftir útskrift. Ég mjög ánægð með þetta því nú get ég dvalið hér heima yfir sýningartímann og varið sumrinu með fjölskyldu og vinum í fyrsta sinn í langan tíma.“

Aðspurð vill María lítið gefa upp hvað tekur við þegar sýningum á Grease líkur. „Draumurinn er að geta leikið heima á Íslandi á mínu móðurmáli, en einnig úti í London og vonandi víðar. Mér finnst mjög gaman að vera með annan fótinn í London því það er svo margt spennandi í gangi í leiklistinni þar og alltaf eitthvað nýtt og áhuga-vert um að vera.“

Umboðsmaðurinn minn vill koma mér í hlutverk í kvikmyndum því hann telur að framtíð mín liggi þar ekki síður en á sviði og ég hef áhuga á hvoru tveggja. Þó mér gangi vel að tala hátt á sviði og syngja þá væri heillandi að fá að hvísla í bíómynd einhvern daginn," segir María og kveður með brosi á vör.

Nýtt skvísuilmvatn

Á hverju sumri er eitt ilmvatn sem slær rækilega í gegn og allar tiskupæjur verða hreinlega að eignast. Í fyrra var það Chloé frá Chloé en nú er það óumdeilanlega ilmurinn Flora frá Gucci.



Ilmvatnið var sérstaklega þróað til að laða að yngri kúnna Gucci-tískuhússins og notar, eins og nafnið gefur til kynna, ferskar blómanótur eins og rósir og peony ásamt kryddaðri angan af patchouli og sedrusviði. Flaskan er sexhyrind og úr þykku gleri sem minnir á Art Deco stíl þriðja áratugarins og ekki skemmir fyrir að auglýsingaherferðinni var leikstýrt af Chris Cunningham sem hefur meðal annars leikstýrt myndböndum fyrir Björk. Fyrirsætan ástralska Abbey Lee sést ganga um í Flora auglýsingunni á blómaakri við Donnu Summer lagið „I feel love.“ - amb

Brún með og án sólar

Eftir dimman vetur vilja flestir ná smá lit á kroppinn áður en farið er í sumarfötin. Frá Clinique er komin ný sjálfsbrúnkulína sem veitir eðlilegan, jafnan lit og gefur góðan raka. Kremin eru í tveimur litum sem bronzing gel, airbrush sprej, body lotion með sjálfsbrúngu og sjálfsbrúnka fyrir líkama og andlit. Þau eru ilmefnalaus, hönnuð og prófuð af húðlæknum. Fyrir þá sem kjósa heldur að leggjast í sólbað er einnig komin ný sólvörn frá Clinique. Línan fylgir nýjum Evrópustöðlum og veitir bæði vörn gegn UVA-geislum sem elda húðina og UVB-geislum sem valda bruna. Vörmin hentar öllum húðtýpum, er ilmefnalaus og fæst frá SPF 15 upp í 40.



ÍSLENSK GÆÐAVARA

FRAMLEIDD EFTIR GÖMLUM LYFJAUPPSKRIFTUM
SEM NOTAÐAR HAFU VERIÐ Í ALDANNA RÁS

FÆST Í HELSTU APÓTEKUM



MUNN- OG TANNHIRDA

MIXTÚRUR

KREM

OLIUR

SÓTHREINSANDI


Apótek
-fyrir alla!


PHARMARCTICA
pharma.is

tíðin

* fyrir fagurkera

GLOSS TIL STYRKSTAR GÓÐU MÁLEFNI Nú getur þú látið gott af þér leiða með því að kaupa glæsilegt varagloss frá Dior merkt „Á allra vörum“. Glossin verða til sölu innanlands til 14. júní og í flugvélum Iceland Express út júlí, en allur ágóði af sölnunni rennur til Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna.



Sumarskór í anda Kate Moss

Það eru ekki allar stúlkur hrifnar af himinháum hælaskóm með opinni tál á sumrin, enda ekki praktískt skótau svona hversdags. Pung og hlý leðurstígvél eru heldur ekki sérstaklega ákjósanleg á heitum sumardögum en hvað er þá til bragðs fyrir tískuskvísurnar? Fyrirsætan Kate Moss innleiddi svokallaða „gladiator“ eða skyldingaprælasandala fyrir ári síðan og þeir þykja enn mjög smart í sumar. Þeir eru flatbotna úr brúnu eða svörtu leðri og ganga bæði við þröngar gallabuxur og leggings og sæta sumarkjóra. Slíkt skótau fæst meðal annars í versluninni Gallerí Eva á Laugavegi og ætti að redda málnum í sumar!



TOPP 10



MARÍA BJÖRK SVERRISDÓTTIR
söngkennari og umboðsmaður



NOKIA GSM-SÍMI Ég er stanslaust í honum.



HANDTASKA FRÁ TOUS sem ég keypti í Svíþjóð.

Í dag, 12.júní, opnum við glæsilega verslun að Laugavegi 25!



Opnum kl 10!



JANUS

Janusbúðin

Laugavegi 25
101 Reykjavík
s. 552-7499

www.janusbudin.is

Frábær opnunartilboð!



MAC GLOSS Ég er veik fyrir glossum og held að ég eigi svona 20 núna.



SKÓR ÚR ZÖRU Flottir og þægilegir.

212 CAROLINA HERRERA ILMVATN



MACBOOK AIR-TÖLVAN MÍN er æðisleg og ég finn varla fyrir henni í handtöskunni.



BANG & OLUFSEN GRÆJUR.



EYRNALOKKAR sem ég keypti í Svíþjóð á dögnum.

NESPRESSO-KAFFIVÉLIN er ómissandi á morgnana.



BUTTERFLIES AND ELVIS platan hennar Jóhönnu.

ICE WEAR

... fyrir allar aðstæður

Nói og Naomi

léttur 3ja laga útvistarjakki

- Saumlausar axlir
- Vatns- og vindhelt 3ja laga öndunarefni
- Beygðar ermar sem auðvelda alla hreyfingu
- Áföst stillanleg hetta
- Allir saumar límdir til að hindra vatn
- Vatnsheldir öndunar rennilásar undir höndum

Litir:

Herra: Grænn og Svartur

Dömu: Hvítur og Grænn

Verð: **Kr. 27.500,-**

Buxur í stíl svartar

Verð: **Kr. 22.500,-**

ICEWEAR útvistarfatnaðurinn fæst á eftirtölum stöðum:

REYKJAVÍK:

Handprjónasambandið,
Laugavegur 64
Vikingur, Laugavegur 1
Vikingur, Hafnarstræti 3

Islandia, Kringlan
Icefin, Nóatún 17
Ull og Gjafavörur, Hótel Saga
Ísey, Laugavegur 23

ÚT Á LANDI:

Bláa Lónið, Verslun
Vikingur, Hafnarstræti 104, Akureyri
Sport og útvist, Á stéttinni, Húsavík
Selið, Mývatn
Mývantsmarkaður, Mývatn


Gullfosskaffi, Gullfoss
Geysir verslun, Haukadal
Byggðasafnið, Skógar
Álafoss, Mosfellsbær
Víkurljón, Vík í Mýrdal



FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

Unnur Ösp Stefánsdóttir leikkona og leikstjóri

Fá mér eðal kaffibolla í góðum félagskap á Kaffismiðjunni.



Sækja soninn snemma á leikskólann og fara öll saman í Vesturbæjarlaugina í glampandi sól.



Ferðinni næst heitið í ísbúðina hjá lauginni og fá okkur gamla góða ísinn.



Bruna út úr bænum í bústaðinn á Snæfellsnesi, þikka nokkra víni upp á leiðinni og halda grillveislu undir jökli.



Skála í kampavini við vinina eftir að bögnin eru söfnuð og sofa svo vel og lengi.

Örugg barnahjól



Þríhjól

Touring Pink.

kr. 7.900



Vivi Sweety

12" og 14" fyrir 3-5 ára.

kr. 16.000



Þríhjól m/skúffu

Transporter með skúffu.

kr. 8.900



Norco Rainbow

12" og 16" fyrir 3-6 ára.

frá kr. 19.900



Norco Shogun

12" fyrir 3-4 ára.

kr. 17.500



Norco Eliminator

12 gíra fyrir 6-8 ára.

kr. 34.900



Norco Spice

12 gíra fyrir 6-8 ára.

kr. 34.900



www.markid.is • sími 553 5320 • Ármúla 40



Sumarsveifla á verði sem slær í gegn

Hefjum sumarið á góðu verði



Almennur opnunartími virka daga 11 til 18

Há/lág forgjöf? Lágð verð!

Pro Quip Silk Touch Besti gallinn skv. Today's Golfer. Jakki aðeins kr. 14.990 Buxur aðeins kr. 9.990 Vindvesti aðeins kr. 8.200



Rafmagnsgolfkerra Powerhouse Freedom. 28 AH geymir frá kr. 53.900

Barna- og unglingsgolfset í poka, verð frá kr. 9.900 í standpoka kr. 18.900 Púttar, kylla og kúlur kr. 6.700

Golfset í poka Heilt sett frá kr. 33.900 Háft sett í poka frá kr. 16.900

HIPPO Driverar Frábærar umsagnir í golfblöðum. Verð frá kr. 10.900 HIPPO XXL kr. 19.300 **HIPPO**

HOWSON Attacker Rescue Margverðlaunaður hálfviti. Herra og dömu, verð aðeins kr. 6.300 **Howson**



LYNX Black Cat Tour járn Forged Dynamic Gold skóft, regular eða stíf. Á Golf Monthly HOTLIST Today's Golfer „Best Budget better-player irons“. Verð aðeins kr. 69.900

Þriggja hjóla kerrur Verð frá kr. 17.900 Clicgear kr. 36.500

Golf outlet

Ármúla 40 • 2. hæð • Sími 553 9800 • www.golfoutlet.is

FRÉTTABLAÐIÐ ÞITT Á NETINU



EINFALT, ÞÆGILEGT OG ALLTAF TIL TAKS

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ ÞITT Á VISIR.IS

BÍLAR & FARATÆKI

Bilamarkaðurinn
Smiðjuvegi 46E
v/Reykjanesbraut
Kópavogi, sími
567-1800
Löggild bílasala



Okkur vantar bíla á staðinn. Mikil og göð sala. Við leitum að rétta bílnum fyrir þig. Opíð virka daga 10-18:30 Laugardaga 11-16. Ein elsta bílasalan. St.1974. Bilamarkaðurinn, Smiðjuvegi Kópavogi. S. 567 1800. www.bbvis

Bilamarkaðurinn
Smiðjuvegi 46E, Kópavogi
Sími: 567 1800

bilfang.is
S. 567 2000

Malarhöfða 2
www.bilfang.is
s. 567 2000

Skráð ann... seld ann á bilfang.is

Bílasalan Bilfang
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is



HÖFÐABÍLAR
...þar sem bílar seljast



ADRIA ADORA 552UK. Árg 04/07. Kojuhús, 7 manna, stórt fortjald og Gólfhiti+gashiti. Verð 2.9. milljón lán 100% Rnr.102346 ..

VEGNA MIKILLAR SÖLU VANTAR OKKUR HJÓLHÝSI OG FELLIHÝSI Á SKRÁ OG Á STAÐINN

Höfðabílar
Fossháls 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
www.hofdabilar.is

Arnarbílar
www.arnarbilar.is



TILBOÐ 690 þ. stgr

VW GOLF, árg 5/2002, ek 91þ km, 1.6L Beinskjapur, Toppluga, Álfelgur, 100% Þjónustubók frá upphafi, Verð 850.þ Arnarbílar, Malarhöfða 2. S: 567 2700.



VERÐ 2.250 þ.

HYUNDAI H-1, árg 2/2004, ek 150 þ km, 7 manna, fjórhjóladrifinn, dráttarkúla, þakbogar, álfelgur og spoiler, Verð 2.250 þ. Áhv 2.150 þ. Arnarbílar, Malarhöfða 2. S: 5672700

Arnarbílar ehf
Malarhöfði 2, 110 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilar.is

BÍLASALA ÍSLANDS



Tabbert Davinci 450 TD árg 2007 fallett hús, sem er tilbúið í ferðalagið sjá myndir www.bilasalaislands.is uppl. S 510 4900 ,896 9693 ,896 1337.

Bílasala Íslands
Skógarhlíð 10, 110 Rvk.
Sími: 510 4900
896 1337 / 896 9693
www.bilasalaislands.is

100 bílar.is
Vantar á skrá
Hjólhýsi
Fellihýsi
Tjaldvagnar

Öskum eftir hjólhýsum, fellihýsum og tjaldvögnum á skrá og í sölu, getum tekið hús á planið, sendið okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 517 9999,

100 bílar ehf
Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Breiðan ehf
821-6292



Honda Element SC (C-RV) árg 2006, 4x4, 2.4 sjálfskjappur, toppluga og fleira og fleira, ekinn 85 þús.km., sk.'11, 100% lánað, verð kr. 2.450.000,- 821 6292.



GMC 1500 LARIAT (leður og fl.) double cab, 4x4, bensín, árg 2005, ekinn aðeins 41 þús.km., innfl. nýr, 37" breyttinga, ný 37" dekk, klæðning í skúffu og fleira, sk.'10, 100% lánað, verð kr. 2.850.000,- 821 6292.



Renault Traffic árg 2006, ekinn 88 þús.km., 10 manna, ný timareim, sk.'11, verð kr. 2.650.000,- 821 6292.

Breiðan ehf
Sími: 821 6292

Bílar til sölu



Til sölu Chrysler Town & Country 2001 ekin 113 þús míl. 7 manna, 4x4, 3.8l, sjálfsk. leður, rafm, dráttakúla. Einn með öllu. Tilboðs. 1095 þús. Uppl. 8961705



Toyota Previa 7 manna ssk. árg. '06 ek 24 þ.km. Dráttarbeisli, filmur, álfel. & vetrard. Sk. skipti á ódyrari, verð 3.190 þ. S. 696 1111.



Navistar International árg. '90. ek. 61 þús, bill í toppstandi, nýskoðaður. Hægt að breyta í hvað sem er. Kassi ca. 20 fm. Verð 1500 þús. Uppl. í s. 691 9200.



Chrysler PT Cruiser 2007, ek. 10þús. mílur, 2.4l beinsk. v: 1,690þús. ekkert áhv. S. 863 8384 og 587 2000.



M. Benz ML500 árg. '05 til sölu. Ek. 80þ. fallettur og góður bill. Ásett verð 4,5 - tilboð 3990þ. ATH öll skipti. Uppl. í s. 690 1074, Jón.



Alfa Romeo 147 T-Spark, 1970 cc, 150 hð, 10/01. Ekinn 82 þ.km. Búið að skipta um timareim. Rafmagns skipting. Ásett verð: 750.000.-TILBOÐ: 550.000.- Uppl. í síma 893-5517




VW Golf árg. '01 dökkblár. Ek. 79þ. 5 gíra, bensín. V. 600þús. Skoðaður. Uppl. s. 698 3441.



Nissan X-Trail '06 ssk. ek. 56þ. Leður, toppl., beisli ofl. Listav. 3080þ. Tilb. gegn stgr. 2280þ. S. 821 4645.



Til sölu Chevrolet 1500 z71 stepside árg. '89, góður bill sk. '09. V. 690þ. Uppl. í s. 899 5424. sjá á www.bilverkba.is



Porsche 911 Turbo '01. Ek. 72 þ.km. Vel búinn í toppstandi. Skipti ódyr. 896 0315.

Til sölu Nissan Terrano '96 með biluðu oliuverki og nýju þústkerfi. S. 698 4678.

Galopper árg. '00 ek. 309 þús. Þarfnast smá lagfæringa. Ásett v. 700 þús. S. 691 5056.

Nissan Almera '96 ek. 212þ. Verð 180þ. Uppl. í s. 820 7378.

Óska e. ódyrum Hyundai Elantra eða Accent '94-'99. Einnig vantar 15" 6 gata jeppafelgur. S. 699 4126.

Subaru Impreza '96, 1600 beinsk. Verð 250þús. Uppl. í s 892 8129.

Suzuki sidekick 33". Árg. '95. Skoðaður 2010. Verð 300þús. Uppl. s. 698 2186.

250-499 þús.



Kreppu jeppi. Til sölu Musso 2900 Diesel árg 99. Ekin 139 þúsund. Verð 460 þ. Tilboð 350 þ. S. 897 1037

Bílar óskast

Óska e.að kaupa til niðurrífs gamla-oyota sendibíla og allar teg. Peugeot. Nánari uppl. í s.661 2222.

Óska eftir bíl, 30-120 þús. Ekki eldri en '98, má þarfnast lagfæringar. Uppl. í s. 868 8565.


Suzuki Jimny árg 2005 til 2008 óskast til kaups. Upplýsingar í síma S. 897 1928.

Kaupi bíla sem þarfnast viðgerðar fyrir ca 20-100 þús. stgr. sími 896 6744.

Jeppar



Chevy suburban 1500 '02 ek. 55 þ.km. bensín bill ATH skipti á ódyrari. V. 2.650 þ. Uppl. 899 8111.



Chevy 2500 HD 66 Duramax '08 ek. 32 þ.km. Tölvukubbur og fl. og fl. ATH skipti á ódyrari. V. 7.5 millj. Uppl. 899-8111

Jeep Grand Cherokee Laredo árg 2005 til 2007 óskast til kaups. Upplýsingar í síma S. 822 1216.

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutabjónusta. Stilling sími: 520 8000.

Hópförðabílar



Til sölu 33 sæta Benz rúta Jonckheere árg. '83. Grindarbill í góðu standi. Ingi s. 864 6489.

Vörubílar



Man 26 480 6x6,05 ekinn 155þ. Með snjóbúnaði, undirtönn, sturtu,palli Og Man 27 464 6x6.00 Uppl. 899 3500.

Nýjar fjaðrir t.d. Scania og Volvo 6x2. Einnig notaðar fjaðrir og aðrir varahlutir. Þolanlegt verð þrátt fyrir hrún. Vantar bíla til útlutnings einnig til niðurrífs. Heiði ehf. s. 696 1051

Forþjoppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eignum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélur. Stilling sími: 520 8000.

Húsbílar



Ford Econoline Húsbíll 4X4. Lúxus ferða bíll. 8 cyl 351 wind, ssk., skriög, árg. '92. Breyttur fyrir 44"er á 38", 2falt rafkerfi, spil. Ný Lúxus innrétting, svefnadst fyrir 4, gasmiðst, ísskápur, markisa og margt fleira. Þetta er alvöru ferða og fjallabíll. Ýmis skifti koma til greina á ódyrari. Verð 3,6 milljónir. Upplýsingar í síma 894 3760.

Vantar húsbíl ekki stóran í góðu ásigkomulagi. Stgr. 20-25þ.dollarar. S. 845 8014.

Mótorhjól



Viltu leigja mótorhjól ? Erum með BMW GS 650 og Yamaha XT660 til leigu. Erum einnig með 50cc vespur til leigu(bilpróf dugar) www.bluemountain.is Roðabær 9.S.578 7860 S:821 6386.

Til sölu Yamaha Fazer 600cc 78hp ekið 1100km. Árg 2006 kom á götuna í mars 2008. Verðhugm. 850þ. Uppl. í síma 661 8377



Vespur nýkomnar City Runner Ítalskt hannaðar 50cc svartar, rauðar, báar, svartar+ silfraðar breiðum 12" dekkjum þjófavörn á plötur á gólf. Kassi fylgir með. Verð aðeins 245,000.- með skráningu. (Hægt að stækka upp í 80 cc. Eignum líka racing kveikjur CDI).



Ítalskt hannaðar vespur 125cc Svartar og Hvítar verð 298,000.- áður: 335,000,- með skráningu.



Ótrúleg vespa Admiral 125 cc á 16" dekkjum sem gefur möguleika að keyra í mól. Ótrúlegur Kraftur. Til í 2 litum. Kassi fylgir með. Verð aðeins 358,000.- með skráningu.



Vespa Future 125cc 12" dekk 2 litir. Einstaklega falleg vespa. Verð aðeins 298,000.- með skráningu.



Dirt bike Xmotus 250cc 2 litir, stillanlegir demparar, framan og aftan upp side downverð aðeins 278,000.-



Pit Bike 125cc Xmotus 2 litir Verð 180,000.-

Mótorспорт ehf
Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Sími: 567 1040
Öll viðgerðarþjónusta á staðnum
www.motorogport.is




Kerrur

Galvanhúðuð kerra fyrir 1 fjórhjól. Rennur eru stillanlegar eftir hentugleika - heildarþyngd 450 kg - burðargeta 300 kg - dekk 8". Verð: 101.000 Lyfta.is - Njarðarbraut 3 - Reykjanesbær - Sími 421 4037 - www.lyfta.is



Innanmál: 350x153x40 cm - heildarþyngd 3000 kg - burðargeta 2450 kg - dekk 14" TILBOÐ: 480.000 Lyfta.is - Njarðarbraut 3 - Reykjanesbær - Sími 421 4037 - www.lyfta.is



Ný bílaflutningarkerra Verð 990 þús. Uppl. 899-8111

Hjólhýsi



Tabbert Davinci 540 DM/250 árg. 07 ónotað. Kr. 2.990.000 Uppl í síma 841 8311

Fellihýsi

Palamino Colt '07 9ft., fortjald, 2 rafgeymar o.fl. Vel með farinn. Uppl. í s. 820 9022.

Palomino Yearling '07. 10 fet vel með farið. Fortjald. 2 rafgeymar. tvöfalt stadið f. gas. Selst m. yfirtöku á láni. S. 588 9296.

A-liner, Expedition. Árg. 2004. Með sólarsellu. Verð 1.450 þús. S. 661 4497.

Pallhýsi

Til sölu pallhýsi. Uppl. í s. 863 6687.

Tjaldvagnar

Til sölu Combi Camp Family tjaldvagn árg 1993, ásamt nýju fortjaldi og ál geymslukassa. Upplýsingar í síma 892 4116.


Combi Camp árg. 1988 til sölu. Gott eintak, ný ábreiðsla og álbox. Verð 200-250þ. S. 662 0700.

Til sölu Ægisvagn með fortjaldi og grjónt grind (3 ára). Verð 700.000.

Vinnuvélur



Eignum til sölu nýjar ECR28 og ECR58 smágröfur. Afhending með stuttum fyrirvara. Endilega hafið samband við sölu ráðgjafa atvinnutækja hjá Brimborg í síma 515 7000.



Eignum til sölu nýjar ECR28 og ECR58 smágröfur. Afhending með stuttum fyrirvara. Endilega hafið samband við sölu ráðgjafa atvinnutækja hjá Brimborg í síma 515 7000

Brimborg
Bíldshöfða 6
110 Rvk
S. 515 7000
www.brimborg.is

Óska eftir að kaupa gegn staðgreiðslu
steypumót, t.d. Peri, Doka eða Hünnebeck. Óska einnig eftir byggingarkrana, t.d. Liebherr, Demag, Grove eða Faun. Hringdu núna, Sverrir s. 693-6445.

Bráðvantar

BÍLASALA SELFOSS
ÞAD ER SALA...
Bráðvantar tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi, húsbíla, sárvantar allavega bíla á skrá á staðinn vegna massa sölu. Erum með alvöru plan á einum besta staðnum á landinu!
Símar 482 4002 / 482 1416
Bílasala Selfoss / Hekla söluumboð suðurlandi
www.bilasalaselross.is

Bátar

TOHATSU
UTANBORDSMÓTORAR

Léttir Fyrirferðalittir Hjólátlatir Kraftmiklir

Tvigengis Fjörgengis Sparneynir 2,5-140 hó

MARÁS
Akrafni 2 201 Kópavogur Sími: 555 8444

Til sölu DNG rúllur 24volt. S. 864 6088.

Varahlutir

Ferðabox

TILBOÐ 20% Í JÚNÍ

margar stærðir

ARCTIC TRUCKS
Sími 548 4900

Plasthlífar
á flestar gerðir bíla

ARCTIC TRUCKS
Sími 548 4900

555 6666

VW Bora, Golf, Passat, Cati, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV, Toyota Avensis, Yaris, M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero, Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugeot 206. Man 26530 árg. '05. og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, og Kangoo. Viðgerðir. Girksassar. Bremsuviðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Er að rífa Musso 96-04, Musso Sport 04, Landrover Discovery 98, Lanos 00-02, Nubira 02, Cherokee 94, Matiz 02. Kaupum bíla til niðurrifs. Musso varahlutir Kaplahrauni 9. S. 864 0984

